

FRÉTTABLAÐIÐ

Miðvikudagur
22. október 2014
248. tölublað 14. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA
DAGBLAÐ A ÍSLANDI*

WOW

FLUGFÉLAG FÓLKSINS

magazine

NÚMÉR
EITT 2014

WOW
Ticket
+
Bon WOWage!

USA

frá
14.999 kr.



Við hækkum flugið og lækkum verðið!

Kæru vinir,

ég vil byrja á að þakka fyrir þær frábæru mót-tökur sem WOW air hefur fengið frá fyrsta degi. Við vorum með háleit markmið þegar við fórum í fyrsta flugið í maí 2012 en vöxturinn og móttökurnar hafa verið framar okkur björtustu vonum. Sumarið er búið að vera frábært, við seldum milljónasta farmiðann fyrir skömmu og það stýttist í að milljónasti gesturinn stígi um borð.

Það var alltaf draumur okkar að fljúga einnig til Norður-Ameríku og við erum því afar stolt af því að geta kynnt Ameríkuflugið okkar í dag og þar með látið draum okkar rætast.

Það er ljóst að mikil þörf var á því að lækka fargjöld og efla heilbrigða samkeppni í flugi til og frá Íslandi. Okkar markmið er að bjóða ávallt lægstu fargjöldin sem við mögulega getum og erum við því mjög ánægð með að kynna hér með mun lægri fargjöld til Norður-Ameríku en áður hafa þekkt.


Hvernig förum við eiginlega að þessu, kann einhver ef til vill að spyrja. Jú, með því að að nota nýrri Airbus-flugvélar sem eru mun sparneytnari, vera með mun minni yfirbyggingu og með því að selja okkar fargjöld fyrst og fremst milliliðalaust í gegnum Netið á wowair.is. Með nýrri flugvélum og frábæru starfsfólki höfum við jafnframt náð því að vera stundvísasta flugfélagið á Íslandi 2013 og það sem af er ári 2014. Allt leiðir þetta til hagkvæmari reksturs sem skilar sér í lægri fargjöldum til gesta okkar.

Við ætlum svo sannarlega að halda áfram á þeirri braut með bros á vör!

Í dag starfa 175 manns hjá WOW air og með Ameríkustækkuninni og tveim Airbus A321 flugvélum til viðbótar við núverandi flugflota okkar má búast við því að við verðum yfir 200 brosandir WOWarar sem hlakka til að bjóða ykkur velkomin um borð.

Takk kærlega fyrir traustið.

Skúli Mogensen,
forstjóri WOW air



Alltaf blíða í Boston!

Iðandi mannlíf, heillandi menning og einstök borgarmynd.

**WOW AIR HEFUR FLUG TIL BOSTON 27. MARS 2015!
BOSTON, FRÁ 14.999 kr.**

Airbus A321 flugvélar WOW air munu fljúga á alþjóðlega Boston Logan-flugvöllinn fimm sinnum í viku allt árið um kring. Lendingartími WOW air á Logan-flugvelli verður 17:30 að staðartíma og lítið mál að ná tengiflugi til annarra áfangastaða.

Boston hefur um árabil verið einn vinsælasti áfangastaður Íslendinga í Bandaríkjunum. Hlýtt sumarið dregur fólk út undir bert loft en kaldur veturinn er engu minna fjörugur. Nóg er um að vera í Boston á hvaða tíma árs sem er. Matur, menning, verslanir og næturlíf Boston svíkja engan. Sælkerar og menningarvitur eru í essinu sínu í þessari fjölskrúðugu hafnarborg enda er þar að finna ótrúlegt úrval fyrsta flokks veitingastaða og heimsþekktra listasafna.

Háhýsi og hafnabolti

Vinsælt er að heimsækja hinn sögufræga Fenway Park, og ekki verra ef hægt er að verða sér úti um miða á einn hafnarboltaleik og sjá The Red Sox á heimavelli.

Viljið sjá borgina frá besta stað er kjörið að heimsækja Top of the Hub en útsýnið þaðan þykir einstakt, sérstaklega eftir að snjór hefur fallið á borgina. Í Cambridge í Boston er einn virtasti skóli heims, Harvard-háskóli, og gaman að skoða háskólasvæðið sem hefur birst í kvikmyndum á borð við *Good Will Hunting* og *Legally Blonde*. Auðvelt er að bregða sér í stuttar skoðunarferðir frá Boston og nálægðin við Atlantshafið þýðir að stutt er á ströndina.

Alltaf útsala

Boston er þekkt fyrir huggulegar verslunargötur og gott úrval verslunarmiðstöðva. Sé takmarkið að gera góð kaup má nefna að enginn söluskattur er á fötum undir \$175 dollurum og aðeins 6,25% skattur á annarri vöru. Það má því segja að í Boston sé

Nóg er um að vera í Boston á hvaða tíma árs sem er. Matur, menning, verslanir og næturlíf Boston svíkja engan.



WOW air býður upp á yfir 160 hótél og gistimöguleika í Boston í samstarfi við Booking.com.

útsala á hverjum degi og ekki skemmir ríkulegt úrvalið fyrir.

Árið um kring

Yfir sumarmánuðina er hitinn yfirleitt í kringum 20°C en getur farið í 30°C. Vetrardagana er hitinn við frostmark en vel klæddir Íslendingar ættu ekki að láta það á sig fá og borgin er svo heillandi að auðvelt er að gleyma kuldanum. Gott er þó að skipuleggja ferðina vel og pakka niður þægilegum skóm því margt er að sjá og upplifa.

Ómögulegt væri að telja upp alla þá spennandi staði sem Boston hefur upp á að bjóða en hvort sem þú vilt ferðast um sumar eða vetur þá tekur Boston vel á móti þér.



Villt gleði í Washington, D.C.

Drekktu í þig bandaríska sögu og menningu og njóttu þess að röltu um þessa flottu höfuðborg.

**WOW AIR HEFUR FLUG TIL WASHINGTON, D.C., 4. JÚNÍ 2015!
WASHINGTON, D.C., FRÁ 14.999 kr.**

Flugið verður um Alþjóðlega Baltimore-Washington flugvöllinn, BWI, fjórum sinnum í viku yfir sumartímann. Þaðan er einfalt að fljúga á fjöldamarga áfangastaði innan Bandaríkjanna, til dæmis með laggjaldaflugfélaginu Southwest Airlines. BWI er í raun þrjár áfangastaðir, enda Washington, D.C., Baltimore og Annapolis allar í aðeins klukkutíma fjarlægð frá flugvöllinum. Lendingartími verður 17:55 að staðartíma.

Washington, D.C. er án nokkurs efa draumaborg þeirra sem vilja drekka í sig menningu Bandaríkjanna.

Hafirðu séð fleiri en eina Hollywood-bíómynd ættirðu að kannast við umhverfið enda er borgin eitt vinsælasta sögusvið pólitískra átaka og valdatafla, bæði á hvíta tjaldinu og í raunveruleikanum.

Mannkynssagan er bæði skrifuð og geymd í þessari höfuðborg Bandaríkjanna, sem er líklega hvað frægust fyrir Hvíta húsið, Lincoln-minnismerkið og aðra sögufræga staði. D.C. státar einnig af frábærum veitingahúsum, skemmtilegum verslunarhverfum og lífflegu næturlífi. Veturinn í Washington, D.C. þykir nokkuð svalur, u.þ.b. 3°C, en yfir sumarmánuðina er meðalhitastigið yfir 26°C og því um að gera að pakka sólarvörninni.

Menning, saga og minnisvarðar

Stærsta safn heims, Smithsonian-safnið, var stofnað árið 1846 og hefur síðan þá heillað unga jafnt sem aldna safngesti. Safnið, sem stundum er kallað „háaloft þjóðarinnar“, geymir um 137



Washington, D.C. er án nokkurs efa draumaborg þeirra sem vilja drekka í sig menningu Bandaríkjanna.



WOW air býður upp á yfir 480 hótél og gistimöguleika í Washington, D.C. og nágrenni, í samstarfi við Booking.com.

milljón verðmæta og aldagamla safnhluti. Frítt er inn á safnið til að tryggja jafnan aðgang allra að hinum merku munum. Einnig er frítt í dýragarðinn en þar er að finna yfir 400 dýrategundir.

Það er vissara að hláða myndavélina og símann en fáir staðir hafa verið myndaðir jafn oft og sögufrægir staðir Washington, DC. Ekki er verra að berja minnismerkinn augum þegar kvöldla tekur. Þá eru þau fallega upplýst og upplifunin allt önnur en að deginum til. Borgin er stór en hægt er að sjá margt með því að ganga um National Mall en svæðið samanstendur af gördum, trjám, minnismerkjum og gosbrunnum og teygir sig rúma 3 km frá Þinghúsinu að Lincoln-minnismerkinn. Má þannig, í einum göngutúr, sjá Þinghúsið, Víetnam-vegginn og Washington-minnismerkið og Hvíta húsið. Fyrir þá sem hugsa út fyrir kassann er tilvalið að bóka kajakferð, kíkja í mini-golf, heimsækja njósnasafnið eða taka þátt í óformlegum trommuhring í Meridian Hill garðinum.

Góðir dátar og Georgetown

Til að brjóta upp annars hefðbundna heimsókn til Washington er tilvalið að kíkja á skruðgöngu landgönguliðanna við sólsetur en hún þykir eitt af því flottasta sem hægt er að sjá og upplifa í Washington. Í Georgetown má gera góð kaup auk þess sem vert er að skoða hvort boðið sé upp á áhugaverða tónleika í Kennedy Center á meðan dvalið er í þessari fjölbreyttu og áhuga-verðu borg.



Er tími til kominn að tengja?

WOW air býður flug til Boston Logan International og Baltimore Washington International frá 14.999 kr. en frá báðum flugvöllum er einfalt að finna tengiflug til annarra áfangastaða í Bandaríkjunum.

Tengiflug frá BWI-flugvelli:

Frá BWI til Los Angeles 18. júní 2015
29.754 kr.* með Delta Airlines

Frá BWI til Las Vegas 18. júní 2015
25.944 kr.* með Spirit Airlines

Frá BWI til Miami 18. júní 2015
19.067 kr.* með American Airlines

Tengiflug frá Boston Logan-flugvelli:

Frá BOS til Chicago 18. apríl 2015
11.176 kr.* með Spirit Airlines

Frá BOS til Las Vegas 18. apríl 2015
24.443 kr.* með Spirit Airlines

Frá BOS til Los Angeles 18. apríl 2015
26.653 kr.* með Virgin America

*Samkvæmt leitarvél Dohop 21. október 2014.



SKOÐUN Eygló Harðardóttir leggur til húsnæðissjóði á vegum verkalyðsfélaganna. **14**



MENNING Halda tónleika til styrktar fátækum börnum á Suður-Indlandi. **21**



LÍFID Eftirminnilegir kjólar Oscar de la Renta á rauða dreglinum. **22**



SPORT Veigar Páll ætla að spila áfram með Stjörnunni og stefnir nú á þjálfun. **26**

WOW air

STUNDEVISA STA FLUGFÉLAGIÐ Á ÍSLANDI

FRÉTTABLAÐIÐ

Miðvikudagur
22. október 2014
248. tölublað 14. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

MARKAÐURINN



Átta milljarðar í rekstur
Samanlagður rekstrarkostnaður slítastjórnanna á fyrri helmingi ársins nemur tæplega átta milljörðum króna. Hægt hefur á sölu eigna úr búunum.

FRÉTTIR

Beggja vegna borðs Sveitarstjóri Ölfuss er einn eigenda Gámapjónustunnar sem sveitarfélagið á í umdeildum viðskiptum við. **4**

Bóluefni gegn ebólu Próun tveggja bóluefna gegn ebólu er langt komin. Tilraunir með bólusetningu í stórum stíl gætu hafist í ríkjum Vestur-Afríku strax eftir áramót. **12**



Bolungarvík	1°	NA	6
Akureyri	2°	SA	4
Egilsstaðir	2°	SSA	6
Kirkjubæjarkl.	4°	SA	7
Reykjavík	4°	SA	7

Úrkoma Búast má við slyddu eða snjókomu í fyrstu SV-til en síðar rigningu. Um og eftir hádegis má búast við snjókomu eða slyddu N- og NA-til. **4**

3 SÉRBLÖÐ

Markaðurinn | Nýbýlavegsgleði | Fólk

FÓLK
NÝBÝLAVEGSGLEÐI
MARKAÐURINN



FJÖR Á ARNARHÓLI Þessir tveir létu ekki segja sér það tvisvar að fá sér eina salíbunu niður Arnarhól í fyrsta snjó vetrarins sem blasti við höfuðborgarbúum er þeir risu úr rekkju í gær.

Sömu mistök og gerð voru fyrir hrunið

Horfur í íslensku efnahagslífi eru bjartari en þær hafa verið mjög lengi að mati hagdeildar ASÍ. Stjórnvöld séu þó að gera sömu mistökin og gerð voru fyrir hrun.

EFNAHAGSMÁL Hagdeild ASÍ býst við að vöxtur landsframleiðslu verði 3,1-3,5 prósent fram til ársins 2016. Vöxtur einkaneyslu verði á bilinu 3,4-4,3 prósent og hann muni vaxa í takt við batnandi stöðu heimilanna.

Gert er ráð fyrir að kaupmáttur launa vaxi, skuldir lækki og væntingar almennings verði góðar. Þá er búist við því að fjárfestingar muni taka við sér og aukast á bilinu 14,8-17,2 prósent. Hlutfall fjárfestinga af landsframleiðslu verði komið yfir tuttugu prósent á árinu 2016. Þá muni draga úr atvinnuleysi.

Hagdeildin hefur þó áhyggjur af aukinni verðbólgu sem Seðlabankinn muni svara með hærri vöxtum. Þá hefur hagdeild ASÍ áhyggjur af því að hagvöxtur verði nú borinn uppi af vexti þjóðarútgjalda í stað útflutnings.

Viðskiptajöfnuður við útlönd versni því á komandi árum og ekki sé sjáanlegt að ríkisfjármálin muni stuðla að auknum stöðugleika.

Þvert á móti virðist stjórnvöld ætla að gera sömu hagskjórnarmistök og gerð voru á árunum fyrir hrun þegar ríkisfjármálin unnu beinlínis gegn viðleitni Seðlabankans til að koma á stöðugleika.

Þarna segir Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ, að vísað sé til



Seðlabankinn mat það þannig og Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn að þetta sé verðbólguhvetjandi.

Það sama á við um skattastefnu ríkisstjórnarinnar

Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ.

bæði skuldaleiðréttingarinnar og skattastefnu ríkisstjórnarinnar.

„Hvað sem um hana má segja að öðru leyti, þá lá fyrir að með henni er verið að færa fjármuni inn í hagkerfið. Seðlabankinn mat það þannig og Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn að þetta sé verðbólguhvetjandi. Það sama á við um skattastefnu ríkisstjórnarinnar,“ segir Gylfi.

Með minnkandi viðskiptajöfnuði segir Gylfi að unnið sé gegn stefnu um langtíma stöðugleika.

„Það var nú það sem ríkisstjórnin lýsti yfir í nóvember í fyrra að hún myndi haga öllum sínum ákvörðunum út frá því meginsjónarmiði að styðja við stöðugleikann,“ segir forseti ASÍ.

-jhh

Hagvöxtur frá 2006 og spá ASÍ

2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016
4,2	9,7	1,1	-5,1	-2,9	2,1	1,1	3,5	3,1	3,3	3,5

Fangar á Kvíabryggju skiptast á um að annast sölu á ýmsum nauðsynjum: Smyglari rekur verslun í fangelsi

FANGELSISMÁL Sævar Sverrisson, sem afplánar dóm vegna stersmygls, starfrækir sjoppu í herbergi sínu í fangelsinu á Kvíabryggju.

Í verslun Sævars mun vera hægt að kaupa sælgæti og gos og einnig sígarettur sem ekki eru alltaf með íslenskum tóbaksvarnamiða eins og venjan er hjá ÁTVR. Ágóðinn mun renna í vasa Sævars sjálfs.

„Það yfirleitt virkar þannig að það er einhver einn með sjoppuna,“ útskýri Gunnar Hjartarson, fangavörður og varðstjóri í afleysingum, sem kveður sælgæti og gos jafnan selt í fangelsinu. „Það er nú oft sem enginn vill taka þetta að sér, það er svolítil vinna við þetta,“ bætir Gunnar við.

Birgir Guðmundsson, forstöðumaður Kvíabryggju, segir að hann

Fangar eiga ekki að reka verslun, hvorki á Kvíabryggju né annars staðar.

Páll Winkel fangelsismálastjóri.

viti ekki til þess að tóbak sé selt í fangelsinu. „Þetta er aðallega bara kók og prins,“ segir Birgir.

- hó / sjá síðu 6

NATURA ISLANDICA

Betri heilsa náttúrulega

KLÓPANGSHYLKI

lækka blóðfitu

www.naturaislandica.is

Opið allan sólarhringinn í Engihjalla, Vesturbergi og Arnarbakka

OPID 24 TÍMA

Iceland

Aukakílóin burt fyrir jólin!

3 frábær fitubrennsluæfni í einu hykki!

3-in-1

www.geringurvel.is

SPURNING DAGSINS



Pórunn, náði þið ekki eyrum stjórnvalda?

„Við tölum allavega fyrir daufum eyrum.“

Heyrnartæki eru allt of dýr fyrir efnaminni eldri borgara. Pórunn Sveinbjörnsdóttir er formaður Félags eldri borgara.

Fyrirverandi utanríkisráðherra Póllands gagnrýndur fyrir ummæli í blaðaviðtali:

Sagði Pútín hafa boðið hálfa Úkraínu

PÓLLAND, AP Radek Sikorski, fyrirverandi utanríkisráðherra Póllands og núverandi þingforseti, var gagnrýndur í heimalandi sínu í gær fyrir ummæli í bandarísku blaðaviðtali, þar sem hann fullyrðir að Vladimir Pútín Rússlandsforseti hafi árið 2008 boðið Pólverjum helminginn af Úkraínu.

Rússar hafi þá ætlað sér hinn helminginn. Hann fór undan í flæmingi þegar hann var spurður út í þetta í gær, sagðist hafa þetta eftir öðrum og sagði að þetta meinta boð Pútíns hefði verið tekið sem hálfgerður brandari á sínum tíma.

Talsmaður Pútíns sagði ekkert hæft í þessu.

Ewa Kopacz forsætisráðherra, sem er flokkssystir Sikorskis, gagnrýndi hann fyrir að koma sér undan því að svara spurningum um málið á blaðamannafundi í gær.

„Ég mun ekki líða hegðun af þessu tagi,“ sagði hún, og krafðist þess að Sikorski svaraði nú spurningum blaðamanna undanbragðalaust.

Stjórnarandstæðingar krefjast þess að hann segi af sér, ekkert pláss sé lengur fyrir ábyrgðarleysi af þessu tagi í pólsku stjórnárum.

- gb



RADEK SIKORSKI Fór undan í flæmingi í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



GÆGST ÚT UM GLUGGA Margir sátu allt að tvo tíma í umferðarteppu í gærmorgun í Vatnsenda- og Kórahverfum í Kópavogi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Mannleg mistök leiddu til umferðaröngþveitis í Kópavogi:

Umferðartafir vegna hálku

UMFERÐ Fjölmargir sátu fastir í umferðarteppu í Vatnsenda- og Kórahverfum í Kópavogi í gærmorgun þegar fyrsti vetrarsnjórinn á höfuðborgarsvæðinu lét sjá sig. Áttu margir í erfiðleikum með akstur vegna færðar og voru ýmsir allt upp í tvo tíma á leið til vinnu. Mikil hálka var á götum í Kópavogi. Samkvæmt upplýsingum frá Kópavogsbæ urðu mannleg mistök við útkall til þess að leiðir voru ekki saltaðar nægjanlega snemma um morguninn.

Sigríður Björg Tómasdóttir, upplýsingafulltrúi Kópavogsbæjar, segir verklagsreglur í tengslum við mokstur gatna og söltun verða yfirfarnar hjá Kópavogsbæ vegna ástandsins sem skapaðist.

- h6

Tónlistarkennarar í verkfall:

Fundað í gær án niðurstöðu

KJARAMÁL Verkfall tónlistarkennara skellur væntanlega á í dag af fullum þunga. Enginn árangur varð af samningafundi, sem haldinn var í gær og átti verkfall þá að hefjast á miðnætti.

Um 500 tónlistarkennarar leggja því niður störf, en ekki hafði verið boðað til annars sáttafundar.

Samninganefnd sveitarfélaganna lagði í fyrradag fram tilboð, sem að mati samninganefndar tónlistarkennara var lakara en eldra tilboð.

- gb

Viðvörðun öryggislögreglu:

Innistæður í bönkum frystar

NOREGUR Dómstóll í Ósló hefur úrskurðað að norsku öryggislögreglunni sé heimilt að frysta tímabundið bankainnistæður tveggja manna á þrítugsaldri sem farið hafa frá Noregi til að berjast fyrir samtökin Íslamska ríkið í Sírylandi.

Aftenposten hafði eftir yfirmanni öryggislögreglunnar í september að rannsóknir hefðu sýnt að einn af hverjum níu sem berjast erlendis með vígahópum taki þátt í hryðjuverkum í heimalandinu eftir að þeir hafa snúið aftur.

- ibs

Krefjast fébóta vegna fjölmiðlaumfjöllunar

Faxaflóahafnir hafna tilkalli Björgunar til áframhaldandi leigu á lóð á Sævarhöfða. Félagið segir rangt að leigusamningur hafi runnið út 2009 heldur gildi hann til 2035. Verðmæti Björgunar hafi rýrnað vegna „ótímabærrar fjölmiðlaumfjöllunar“.

DÓMSMÁL Stjórn Faxaflóahafna heldur til streitu fyrri ákvörðun um að Björgun ehf. víki af lóð á Sævarhöfða en gefur félaginu tvö ár til að rýma svæðið.

Björgun leigði lóðina á Sævarhöfða til 40 ára árið 1969 og átti samningurinn að renna út 2009. Stjórn Faxaflóahafna segir að viðræður um flutning á starfsemi Björgunar af lóðinni ásamt könnun á möguleikum þess að koma starfsemi fyrir á öðrum stað hafi staðið allt frá árinu 2004 án árangurs.

Björgun segir hins vegar í bréfi til Faxaflóahafna að þegar viðauki hafi verið gerður við leigusamninginn árið 2004 í tengslum við landfyllingu hafi félaginu verið tryggður leiguréttur til 25 ára umfram árið 2009 – það er allt til ársins 2034.

„Hægt er að hafa mörg orð um augljósa hagsmuni Björgunar af því að farsæl lausn verði fundin í máli þessu. Þá eru ótalin atriði sem varða námavinnsluna sjálfa og hversu umhverfisvæn hún er miðað við aðra valkosti í stöðunni, sem hlýtur að skipta borgaryfirvöld miklu að fá að halda áfram í óbreyttri mynd,“ segir í bréfi lögmanns Björgunar sem kveður fyrirætlanir stjórnar Faxaflóahafna gagnvart félaginu ekki geta náð fram að ganga, „að minnsta kosti ekki bóta laust“.

Björgun segir að mikilvæg atvinnuréttindi félagsins njóti verndar stjórnarskrárinnar og félagið hafi gríðarlega fjárhagslega hagsmuni í málinu.

„Allur réttur er áskilinn af hálfu Björgunar, þar með talinn réttur



Í SÆVARHÖFÐA Faxaflóahafnir ætla að gefa Björgun tvö ár til að flytja starfsemi sína úr Sævarhöfða og þrifa eftir sig. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

til að krefja sérstakra bóta fyrir þá verðmætarýrnun á félaginu sem ótímabær fjölmiðlaumræða hefur þegar haft í för með sér vegna áforma Faxaflóahafna um uppsögn leigusamningsins,“ segir í bréfi Björgunar sem stjórn Faxaflóahafna tók fyrir á síðasta fundi sínum.

Hafnarstjórnin segir fullyrðing- ar Björgunar um að með viðaukanum frá 2004 hafi verið samið um 25 ára leigurétt til handa félaginu frá 2009 vera „haldslausar hugleiðingar“. Þótt getið sé um forleigurétt náði hann aðeins fram að ganga ef leigusalinn vill leigja lóð sína áfram. Það vilji Faxaflóahafnir ekki.

„Hægt er að hafa mörg orð um augljósa hagsmuni Björgunar af því að farsæl lausn verði fundin í máli þessu.“

Lögmaður Björgunar ehf.

Að auki segir hafnarstjórnin að þegar NBI hf. hafi sett Björgun í sölu árið 2010 hafi komið fram í útboðsgögnum að leigusamningur um lóðina væri útrunninn. „Núverandi eigendum Björgunar ehf. var því fullkunnugt um að engin lóðaréttindi fylgdu félaginu er þeir keyptu það af NBI hf.“

gar@frettabladid.is

Í höndum ríkissaksóknara að taka ákvörðun um áfrýjun Landsbankamálsins:

Dæmt hefur verið í 105 málum

DÓMSMÁL Dæmt hefur verið í 105 málum í héraði af þeim málum sem sérstakur saksóknari hefur ákært í frá því að embættið var stofnað í byrjun árs 2009.

Embættið heldur ekki tölfraedi yfir það hversu mörgum málum lýkur með sakfellingu og hversu mörgum lýkur með sýknu. Heildarfjöldi mála sem hefur verið í ákærmeðferð hjá embættinu að lokinni rannsókn voru 185 en alls er búið að ákæra í 147 málum. Um síðustu mánaðamót voru 96 mál á rannsóknarstigi hjá embættinu.

Þau mál embættisins sem hafa verið hvað mest áberandi í fjölmiðlum eru þau sem eru rekin gegn fyrirverandi stjórnendum föllnu bankanna. Í gær var dæmt í einu þeirra þegar

þau Sigurjón Árnason, fyrirverandi forstjóri Landsbankans, og Elín Sigfúsdóttir, fyrirverandi framkvæmdastjóri hjá bankanum, voru sýknuð af ákæru um umboðssvik vegna svokallaðrar Panamafléttu. Það er í annað sinn sem þau tvö eru sýknuð í málum sem höfðu hafa verið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Ólafur Þór Hauksson, sérstakur saksóknari, segir í svari við fyrirspurn Fréttablaðsins að það sé í höndum ríkissaksóknara að taka ákvörðun um hvort því máli verði áfrýjað.

- jhh

SÉRSTAKUR SAKSÓKNARI Ólafur Þór Hauksson segir að af þeim 185 málum sem hafi verið til rannsókna sé búið að ákæra í 147 málum.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL



HEIMSENDINGAR UM ALLT LAND

NÝ VEFSÍÐA
LYFJAVER.IS

Lyfjaskömmun kemur reglu á lyfjatökuna

SUÐURLANDSBRAUT 22
SÍMI 533 6100
LYFJAVER.IS

APÓTEK + LYFJASKÖMMTUN

Opíð mán-fös 8.30-18 og lau 10-14



HEKLA Einkaleiga

Engin óvissa – fast mánaðargjald

Með HEKLU **Einkaleigu** gefst einstaklingum tækifæri til að aka um á nýjum bíl.

HEKLA **Einkaleiga** býður hagstætt mánaðargjald í 12 eða 24 mánuði. Þú hefur einfalda yfirsýn yfir hvað bifreiðin kostar þig mánaðarlega, kemst hjá ófyrirséðum kostnaði og getur valið leigutíma sem hentar.



Afnot, þjónusta og viðhald fyrir einstaklega hagstætt fast mánaðargjald. Í HEKLU **Einkaleigu** eru engin óvænt útgjöld, fjárbinding eða endursöluáhætta. Við lok leigu er bílnum einfaldlega skilað.



HEKLA **Einkaleiga** býður upp á nýja bíla, þjónustu og viðhald í einum pakka fyrir fast mánaðargjald.



Innifalið í HEKLU **Einkaleigu** er þjónusta og viðhald. Það þýðir að þú þarft ekki að hafa áhyggjur af óvæntum útgjöldum þegar þú ferð með bifreiðina á verkstæði, t.d. í þjónustuskoðun.

VELDU BÍLINN!



HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is

Umboðsmenn um land allt: Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði



Verðdæmi*

Tegund	Mánaðargjald frá
Volkswagen up!	47.300 kr.
Volkswagen Polo	59.900 kr.
Volkswagen Golf	79.900 kr.
Volkswagen Passat	113.600 kr.
Volkswagen Tiguan	137.200 kr.
Skoda Octavia	95.200 kr.
Skoda Yeti	133.600 kr.
Skoda Superb	129.300 kr.
Audi A1	77.400 kr.
Audi A3	115.200 kr.
Audi A6	230.000 kr.
Audi Q5	246.200 kr.
Mitsubishi Outlander	144.200 kr.

*Verðdæmi miðast við 200.000 kr. eingreiðslu í byrjun leigusamnings.

SVONA ERUM VIÐ



14,4 prósent af íbúðum á landinu voru tveggja herbergja á árinu 2009. Þá voru 18.762 af alls 130.019 íbúðum tveggja herbergja. Hlutfallið var svipað árið 2000. Þá voru 13,9 prósent, eða 14.620 íbúðir af alls 104.805 íbúðum, tveggja herbergja.

Pistorius fær fimm ára fangelsi fyrir að hafa orðið kærustu sinni að bana á heimili þeirra: Sleppur líklega með tíu mánuði í fangelsi

SUÐUR-AFRÍKA Spretthlauparinn Oscar Pistorius þarf líklega ekki að afplána nema tíu mánuði í fangelsi af fimm ára dómi sem hann hlaut í gær fyrir að hafa orðið kærustu sinni að bana.

Að tíu mánuðum afplánuðum á Pistorius möguleika á að sækja um náðun vegna góðrar hegðunar, eða í það minnsta að fá að taka út frekari refsingu á heimili sínu.

Eftir að dómur hafði verið kveðinn upp var hann fluttur til Kgosi Mampuru-fangelsisins í Pretoriu, þar sem hann á að fara í lækni skoðun til að byrja með.

Talið var að hann yrði vegna fötlunar

sinnar hafður í haldi í eins manns sjúkrahlefa í fangelsinu, en Pistorius er fótalaus og hefur notað gervifætur frá íslenska fyrir-tækinu Össuri.

Hvorki verjendur né saksóknari höfðu í gær tekið ákvörðun um hvort dómnum yrði áfrýjað.

Pistorius var sýknaður af ákæru um morð að yfirlögðu ráði en sakfelldur fyrir manndráp af gáleysi. Hann hélt því fram að hann hefði talið sig vera að skjóta á innbrotsþjóf þegar hann skaut á kærustu sína, sem var inni á salerni í íbúð hans að næturlagi í febrúar á síðasta ári.



OSCAR PISTORIUS Leiddur burt úr réttarsal í gær eftir að dómari hafði skýrt frá refsingu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Töluðu saman í hálf tíma: Lítið miðar í læknadeilunni

KJARAMÁL Lítið miðar áfram í viðræðum Læknafélags Íslands og samninganefndar ríkisins en fundað var í hálf tíma í gær án árangurs.



ÞORBJÖRN JÓNSSON

Þorbjörn Jónsson, formaður Læknafélagsins, segist ekki bjartsýnn á að samningar takist áður en boðaðar verkfallsáðgerðir eiga að hefjast næstkomandi mánudag. „Það þokaðist ekkert í samkomulagsátt að okkar mati,“ segir Þorbjörn. „Ég held að það sé óhætt að segja að við teljum ekki miklar líkur á að þetta takist fyrir mánudag.“

Næsti fundur er á morgun. - bA

Glæpamenn segja ósatt: Þykir voðaskot niðurlægjandi

SVÍPJÓÐ Glæpamenn sem segjast hafa verið skotnir hafa í sumum tilfellum skotið sjálfa sig vegna mistaka, að því er rannsókn lögreglunnar í Malmö hefur leitt í ljós. Sydsvenska Dagbladet hefur það eftir lögreglunni að glæpamennirnir vilji ekki segja að um voðaskot hafi verið að ræða því þeim þykir það niðurlægjandi. Jafnframt sé líklegt að þeir hafi ekki vopnaleyfi.

Lögreglan segir málin alvarleg þar sem alltaf sé hætta á að einhver annar hljóti skaða af. - ibs

LEIÐRÉTTING

Ranglega var sagt frá því í frétt blaðsins í gær um að eldri borgarar hefðu ekki efni á heyrnartækjum, að það væri Tryggingastofnun sem veitti styrk til kaupa á tækjunum. Það rétta er að það eru Sjúkratryggingar Íslands.

Situr beggja vegna borðs í skiptum við Gámaþjónustu

Gunnsteinn R. Ómarsson, sveitarstjóri Ölfuss, á hlut í fyrirtækinu Gámaþjónustunni. Ölfus neitaði að afhenda gögn í útboði sem Gámaþjónustan fékk. „Afar óheppilegt,“ segir lögfræðingur Sambands sveitarfélaga.

STJÓRNSÝSLA Gunnsteinn R. Ómarsson, sveitarstjóri Ölfuss, átti persónulega hlut í Gámaþjónustunni þegar hann tók ákvörðun um að neita að afhenda Íslenska gámafélaginu gögn.

Úrskurðarnefnd um upplýsingamál úrskurðaði á þá leið að sveitarfélaginu bæri að afhenda Íslenska gámafélaginu gögn í útboði Ölfuss þar sem Gámaþjónustan varð hlutskörpust.

Ákvörðun Gunnsteins R. Ómarssonar fór á sínum tíma ekki fyrir bæjarstjórn sveitarfélagsins né bæjarráð, heldur tók hann þessa ákvörðun einn sem framkvæmdastjóri sveitarfélagsins.

„Já, það er rétt, ég á sjálfur hlut í Gámaþjónustunni og hef aldrei farið dult með það,“ segir Gunnsteinn.

Þegar Gunnsteinn er spurður hvort það hafi ekki haft áhrif á hæfi hans til að fara með málið, sem er nátengt persónulegum hagsmunum hans sem hluthafi í Gámaþjónustunni, segir hann að það hafi ekki skipt máli.

„Nei, það hafði ekki áhrif, ég vann þetta í umboði sveitarstjórnar eins og margoft hefur komið fram,“ segir bæjarstjórninn.

Í stjórnsýslulögum er tekið á hæfi sveitarstjórnarmanna. Þar segir í þriðju grein laganna að starfsmaður sé vanhæfur ef að fyrir hendi eru þær aðstæður sem eru fallnar til þess að draga óhlutdrægni hans í efa með réttu. Tryggvi Þórhallsson, lögfræðingur Sambands íslenskra sveitarfélaga, telur mála-vöxtu óheppilega.

„Það er óheppilegt að ráðnir sveitarstjórnar taka að sér afgreiðslu mála þar sem hægt er að draga



ÖLFUS Sveitarstjóri Ölfuss tók ákvörðun um að áfrýja úrskurði um að afhenda útboðsgögn sem fyrirtæki í hans eigu fékk.

hæfi þeirra í efa,“ segir Tryggvi. Íslenska gámafélagið vildi fá að sjá hvaða forsendur lágu að baki útboði Gámaþjónustunnar í sorphirðu Ölfuss.

Ölfus neitaði að afhenda gögnin keppinaut Gámaþjónustunnar. Úrskurðarnefnd um upplýsingamál tók undir með Íslenska gámafélaginu og úrskurðaði að sveitarfélaginu væri skylt að afhenda gögnin. Samt sem áður neitaði bæjarstjóri Ölfuss að afhenda gögnin og kærði úrskurðinn til dómstóla.

Í viðtali við Fréttablaðið þann 3. september síðastliðinn sagði Gunnsteinn R. Ómarsson, bæjarstjóri Ölfuss, að hagsmunir sveitarfélagsins í þessu máli væru óverulegir, en að sama skapi væru hagsmunir Gámaþjónustunnar nokkuð ríkir.

„Við gerum þetta vegna þess að viðsemjandi okkar telur álitamál hvort eigi að láta þessar upplýsingar í té og óskar eftir því að haldinn sé trúnaður við fyrirtækið,“ sagði Gunnsteinn.

Anna Björg Nielsdóttir, formaður bæjarráðs Ölfuss, telur sveitarstjórnann hæfan til að taka ákvarðanir sem þessar. Hún muni þó ekki eftir því að Gunnsteinn hafi tilkynnt kjörnum sveitarstjórnarmönnum um að hann ætti sjálfur hlut í Gámaþjónustunni.

„Hann tekur þessa ákvörðun ekki sjálfur. Þó að þetta hafi ekki farið formlega fyrir bæjarstjórn eða bæjarráð þá vorum við með í ráðum þegar ákvörðun var tekin um að áfrýja úrskurði úrskurðarnefndar um upplýsingamál,“ segir Anna.



„Já, það er rétt, ég á sjálfur hlut í Gámaþjónustunni og hef aldrei farið dult með það.“

Gunnsteinn R. Ómarsson, sveitarstjóri Ölfuss.


Í ársreikningi Gámaþjónustunnar sést að foreldrar hans, Ómar Þórðarson og Friðgerður Friðgeirsdóttir, eiga báðir hlut í fyrirtækinu sem og bróðir hans, Atli Ómarsson. Ef hlutur þeirra er lagður saman eru þau fjórði stærsti hluthafi í fyrirtækinu.

sveinn@frettabladid.is

Heimilis
GRJÓNAGRAUTUR

Alveg mátulegur

Veðurspá



KAFLASKIPT Í dag fer lægð yfir landið með heldur hlýrra lofti en undanfarið. Slydda í fyrstu SV-til en síðar rigning. Úrkomulítið N-lands fram yfir hádegi, þá má búast við slydda eða snjókomu. Á föstudaginn léttir til SV-til og kólnar á nýjan leik.



TOYOTA

ALWAYS A
BETTER WAY

SUDDALEGA FLOTTUR RAV4

ÆVINTÝRIÐ BÍÐUR



Suddalega góður haustpakki

að verðmæti 430.000 kr. fylgir nýjum RAV4* í haust í takmarkaðan tíma.



Gúmmimotta í skott



Aurhlífasett að framan og aftan



Glugga-vindhlífar



Dráttarbeisli



Heilsársdekk frá Goodyear

Uppgötvaðu ævintýrin í lífi þínu á ný. Það er innblásturinn að baki endurhönnun á RAV4, ökutæki sem er fullkominn félagi fyrir skemmtun með vinum og fjölskyldu. RAV4 hefur burði til að koma þér hvert sem þú vilt fara og það er nóg rými fyrir farþega og farangur. Hann er hljóðlátur, öruggur og með framúrskarandi aksturseiginleika. Fáðu þér suddalega flottan RAV4 í haust hjá viðurkenndum söluaðilum Toyota meðan tilboðið varir.

Ævintýrið bíður.

Fáðu nánari upplýsingar á www.toyota.is

Verð frá: 5.370.000 kr.
Útborgun: 537.000 kr.**

Allt að 90% lánshlutfall og lægri vextir



Toyota Kaupúni
Kaupúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

Bíllinn á myndinni kann að vera búinn aukahlutum sem ekki eiga við uppgæfið verð og allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur. RAV4 2.2i dísil var prófaður og fékk fimm stjörnur á öryggisprófi Euro NCAP. *Haustpakinn fylgir ekki með RAV4 GX Plus 2.0 dísil, 6 gíra. **Miðað við 90% lánshlutfall hjá Lykli – nánari upplýsingar hjá söluáðgjöfum.

VEISTU SVARID?



1. Hversu oft hefur Þorbjörg Ágústsdóttir orðið Norðurlandameistari í skýlmingum með höggsvörði?
2. Að hverju leitar sænski herinn í skerjagarðinum úti fyrir Stokkhólmi?
3. Hversu há er styrkur TR til kaupna á heyrnartækjum?

SVÖR:
1. Tíu sinnum. 2. Óþekktu neðansjávartar-
artæki. 3. 30 þúsund krónur í hvort eyra.

Segja niðurstöðu um misnotkun byggja á misskilningi og krefjast þess að sekt verði felld niður: Mjólkursamsalan kærir til áfrýjunarnefndar

NEYTENDUR Mjólkursamsalan (MS) hefur kært til áfrýjunarnefndar samkeppnismála niðurstöðu Samkeppniseftirlitsins um að fyrirtækið hafi misnotað markaðsráðandi stöðu. Þess er krafist að niðurstaðan verði ógilt og sekt felld niður á grundvelli þess að þessi niðurstaða byggist á nýrri og fordæmalausri túlkun á búvörulögum.

Þetta segir í fréttatilkynningu MS sem telur að málflutningur Samkeppniseftirlitsins, um að

félagið hafi veitt fyrirtækjum mismunandi viðskiptakjör í sams konar viðskiptum, byggist á grundvallarmisskilningi um eðli slíkra viðskipta.

MS telur að verulega skorti á að málið hafi verið rannsakað þannig að unnt hefði verið að taka upplýsta og rétta ákvörðun. Engin tilraun sé gerð af hálfu Samkeppniseftirlitsins til þess

að rannsaka rekstur þess fyrirtækis eða þeirra fyrirtækja, sem verðmismunun MS átti að hafa beinst að.

Loks vill MS meina að Samkeppniseftirlitið hafi ekki gætt að andmælarétti fyrirtækisins, sem skipti miklu máli þegar um svo íþyngjandi ákvörðun er að ræða sem vegur að hag félagsins og bændanna sem eiga það.



EINAR SIGURÐSSON, Forstjóri Mjólkursamsöluinnar sem vill ógildingu á niðurstöðu.



JEFFREY FOWLE Látinn laus fyrir milligöngu Svía.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Norður-Kórea lætur einn bandarískan fanga lausan:

Skildi eftir Biblíu á skemmtistað

BANDARÍKIN, AP Bandaríkjamadurinn Jeffrey Fowle var í gær látinn laus úr fangelsi í Norður-Kóreu. Hann var handtekinn fyrir nærri hálfu ári eftir að hann hafði skilið eftir Biblíu á skemmtistað. Sænsk stjórnvöld hafa átt í samningaviðræðum við Norður-Kóreu um að fá manninn látinn lausan.

Tveir aðrir Bandaríkjamenn eru enn í haldi í Norður-Kóreu. - gb

Smyglari rekur svartar verslun á Kvíabryggju

Sævar Sværriðsson, sem hlaut yfir fjögurra ára fangelsisdóm fyrir innflutning á sterum, rekur verslun í herbergi sínu á Kvíabryggju. Það er brot á reglum Fangelsismálastofnunar. Sævar selur stundum sigarettur sem ekki eru merktar ÁTVR.

LÖGREGLUMÁL „Fangar eiga ekki að reka verslun, hvorki á Kvíabryggju né annars staðar,“ segir Páll Winkel fangelsismálastjóri aðspurður um verslun sem fangi á Kvíabryggju rekur í fangelsinu.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins starfrækir Sævar Sværriðsson, sem afplánar dóm á Kvíabryggju vegna sterasmugls í Straumsvíkurmálinu svokallaða, sjöppu í herbergi sínu í fangelsinu. Þar er hægt að kaupa sigarettur, sælgæti og gos.

Á stundum eru sigarettur sem Sværrið selur ekki með íslenskum tóbaksvarnamíða. Mun pakinn af sigarettum kosta 1.500 krónur og allur ágóði af versluninni renna óskertur í vasa Sværrið.

Maður, sem afplánar nú dóm á Kvíabryggju og hefur verslað við Sværrið, segir eiginkonu Sværrið kaupa vörur í lágverðsverslunum og færa honum í fangelsið þar sem hann síðan selur vörurnar áfram. Stundum séu sigarettur sem hann kaupir af Sværrið ekki með íslenskum merkingum. Sværrið fái að selja vörur sínar óáreittr.

Í samtali við blaðamann Fréttablaðsins staðfestir Gunnar Hjartarson, fangavörður og varðstjóri í afleysingum, að selt sé sælgæti og gos í fangelsinu.

„Það yfirleitt virkar þannig að það er einhver einn með sjöppuna. Svo þegar hann fer þá tekur einhver annar við. Það er nú oft sem enginn vill taka þetta að sér, það er svolítill vinna við þetta,“ útskýrir Gunnar. Aðspurður hvort hann viti til þess að hagn-



KVÍABRYGGJA Forstöðumaður Kvíabryggju staðfestir að selt sé gos og sælgæti í fangelsinu.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



SÆVAR SVÆRRIÐSSON



PÁLL WINKEL

aður sjöppunnar fari beint í vasa viðkomandi fanga svarar Gunnar: „Já, örugglega. Hann fer að minnsta kosti ekki í minn vasa.“

Varðandi hvort hagnaðurinn sé gefinn upp segir Gunnar: „Gefið upp til skatts? Það efast ég um. Þetta er bara eitthvað á milli þeirra til að auðvelda sér lífið hérna inni.“

Birgir Guðmundsson, forstöðumaður Kvíabryggju, segir að hann viti ekki til þess að tóbak sé selt í fangelsinu. „Ég ætla ekki að tjá mig um þetta. Það hefur ekki

Gefið upp til skatts? Það efast ég um.

Gunnar Hjartarson, fangavörður og varðstjóri í afleysingum.

verði mikið um það held ég. Þetta er aðallega bara kók og prins.“

Að sögn Birgis sjá starfsmenn fangelsisins almennt um að kaupa inn fyrir fanga einu sinni í viku. Aðspurður hvernig tekið yrði á tóbakssölu fengi hann vitneskju um að slíkt tíðkaðist í fangelsinu segir Birgir að hann hafi ekki hugsað um það. „Vegna þess að það hefur aldrei verið gert.“

Páll Winkel fangelsismálastjóri segist ekki hafa vitneskju um verslunina á Kvíabryggju en sé það svo að fangi sé að selja smygl í fangelsinu verði það kært til lögreglu. „Ef þetta er uppi þarf bara að stoppa það. Það er ósköp einfalt,“ segir fangelsismálastjóri.

hannaut@365.is

Sorpa bs. mun bjóða út flestalla verkhluta nýrrar gas- og jarðgerðarstöðvar:

Vel innan við 20% ekki í útboð

VIÐSKIPTI Jarðvinna, byggingarvinna og tækjakaup vegna byggingar gas- og jarðgerðarstöðvar Sorpu í Álfsnesi verða boðin út. Sá hluti sem ekki verður boðinn út felst í tæknilegri ráðgjöf.

Samkvæmt lögum um útboð er heimilt að semja beint um allt að tuttugu prósent af áætluðum heildarkostnaði án útboðs. Verkstjórn og tæknileg ráðgjöf rúmast vel innan þess ramma, hins vegar er óeðlilegt að gefa upp nákvæmari tölur á þessu stigi enda væri þá útboð á framkvæmdaþáttum marklaust.

Þetta kemur fram í tilkynningu frá Sorpu bs. vegna forsíðufréttar Fréttablaðsins um kærú Íslenska gámafélagsins og dótturfélags þess, Metanorku. Fyrirtækin hafa kært Sorpu til kærunefndar útboðsmála fyrir meint brot á lögum um opinber innkaup.

Í fréttinni kom fram að ákveðið hefði verið að kaupa tæknilausn, sem ekki verður boðin út, strax árið 2007. Ákvörðunin hafi endanlega legið fyrir í maí. Þá var framkvæmdastjóra heimilað að ganga til samninga.

Segir að allt frá árinu 2004 hafi Sorpa unnið að



SORP Jarðvinna, byggingarvinna og tækjakaup verða boðin út.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

vali á heppilegustu tæknilausn sem uppfyllti skilyrði um að aðferðin félli vel að núverandi hirðkerfi sveitarfélaganna, væri hagkvæm og gæti unnið allan úrgang sem þarf að vinna.

- shá

Útbúnaðinn í Rjúpnaveiðina færðu í Everest

Hítabrúsur
Margar stærðir


Gönguskóur
20% Afsláttur

Bakpoki
Vango Alto
30% Afsláttur
Verð áður 17.995
Verð nú 12.595

Mannut
falnaður
á tilboði

EVEREST
FERÐA- OG ÚTIVISTARVERSLUN
Skeifunni 6 - Sími 533 4450 - www.everest.is
PERSONULEG ÞJÓNUSTA. FAGLEG RÁÐGJÖF

MEIRI TÆKNI FÆRRI DROPAR



CITROËN C3
EYÐSLA FRÁ AÐEINS 3,8 L/100 KM
VERÐ FRÁ 2.250.000 KR.



CITROËN C4
EYÐSLA FRÁ AÐEINS 3,8 L/100 KM
VERÐ FRÁ 3.250.000 KR.



CITROËN C4 PICASSO
EYÐSLA FRÁ AÐEINS 3,8 L/100 KM
VERÐ FRÁ 3.990.000 KR.



7 MANNA

CITROËN GRAND C4 PICASSO
EYÐSLA FRÁ AÐEINS 4,0 L/100 KM
VERÐ FRÁ 4.390.000 KR.



CITROËN C5
EYÐSLA FRÁ AÐEINS 4,9 L/100 KM
VERÐ FRÁ 4.990.000 KR.

Við bjóðum gott úrval glæsilegra Citroën bíla sem allir eiga það sameiginlegt að vera hlaðnir tæknibúnaði og skara fram úr í sparneytni. Veglegur kaupauki fylgir öllum nýjum Citroën í október. Komdu í reynsluakstur og kynntu þér málið.



Nýir og notaðir bílar: Sóludeild er opin alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16.
Brimborg Reykjavík: Bildshöfða 8, sími 515 7040 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050



Norðmenn gáfu ríkislögreglustjóra 150 gamlar MP5-hríðskotabyssur

Norska lögreglan og herinn voru hætt að nota 150 hríðskotabyssur og buðu þær ríkislögreglustjóranum á Íslandi að gjöf. Borgum aðeins sendingarkostnað. Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu er ekki með vopn í lögreglubílum. Vopn eru geymd í lögreglubílum á landsbyggðinni.

LÖGREGLA Embætti ríkislögreglustjóra hefur eignast 150 lítið notaðar MP5 hríðskotabyssur. Hluti þeirra, eða 35, er kominn í notkun á æfingarsvæði lögreglunnar á Suðurnesjum, hinar eru enn í umsjón embættisins og verða þangað til lögreglustjórar landsins óska eftir afnotum af þeim.

„Þetta eru byssur sem stóð til að afleggja hjá lögreglu og heryfirvöldum í Noregi og þau buðust til að gefa okkur. Norðmenn voru að skipta um byssutegund og við þurfum líklega ekki að borga annað en sendingarkostnaðinn,“ segir Jón F. Bjartmarz, yfirlögregluþjónn hjá Embætti ríkislögreglustjóra.

Jón segir ekki nýtt að lögreglan búi yfir hríðskotabyssum, það hafi hún gert frá því í síðari heimsstyrjöldinni. Þau hríðskotavopn, sem lögreglan átti, hafi hins vegar verið úr sér gengin og þurft að endurnýja.

Jón segist ekki vita til þess að lögreglan hafi keypt nýjar skammbyssur síðustu misserin eða önnur vopn. Menn geti séð hvaða vopn lögreglan eigi með því að rýna í skýrslu sem gerð var um stöðu lögreglunnar árið 2012.

DV sagði frá því í gær að lögreglan væri að vopnast með leynd og að brátt yrðu allar lögreglubifreiðar á Íslandi búnar MP5-hríðskotabyssum og Glock 17, hálfsvirkum skammbyssum.

Að sögn Jóns er ekki verið að

vopna lögregluna umfram það sem verið hefur síðustu ár. Lögreglan hafi alltaf haft vopn og lögreglumenn fengið þjálfun í að nota þau. „Nú er verið að efla vopnaþjálfun samhliða handtöku og sjálfsvarnaþjálfun. Lögreglumenn þurfa að standast próf til þess að fá vopnaskírteini.“

Jón segir almennu regluna þá að vopn séu geymd á lögreglustöðvum en einstakir lögreglustjórar hafi tekið sjálfstæða ákvörðun um að hafa vopn í lögreglubifreiðum.

„Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu er ekki með vopn í bílum hjá sér,“ segir Jón og bendir á að sérsvæiti lögreglunnar sé staðsett á höfuðborgarsvæðinu en hún er vopnum búin. Hið sama gildir hins vegar ekki úti á landi þar sem fjarlægðir eru miklar. Þar hafi hafi sumir lögreglustjórar ákveðið að hafa vopn í lögreglubílum. Ekki fæst uppgefið hvers konar vopn eru í lögreglubílunum en á meðan MP5-hríðskotabyssurnar eru enn í vörslu ríkislögreglustjóra eru þær ekki í bílunum.

Úlfar Lúðvíksson, sýslumaður á Ísafirði, segir að vopn séu í öllum lögreglubílum embættisins.

„Við erum ágætlega vopnum búin,“ segir Úlfar. Hann segir það hafa verið ákveðið að setja vopn í bílana af öryggissjónarmiðum, fjarlægðir í umdæminu séu miklar og það taki sérsvæitina langan tíma



„Norðmenn voru að skipta um byssutegund og við þurfum líklega ekki að borga annað en sendingarkostnaðinn.“

Jón F. Bjartmarz, yfirlögregluþjónn hjá ríkislögreglustjóranum.

að komast vestur komi upp alvarleg atvik í umdæminu.

„Lögreglumenn hér fá markvissa og stöðuga þjálfun í notkun skotvopna,“ segir Úlfar.

Fréttatflutningur af vopnaeign og vopnaburði lögreglunnar kom til umræðu á Alþingi í gær. Helgi Hjörvar, þingflokksformaður Samfylkingarinnar, fór fram á það við forseta Alþingis að hann gerði við-eigandi ráðstafanir til að þingfundur í dag hefjist á sérstakri umræðu um vopnavæðingu lögreglunnar.

„Það er ekki hægt að láta þennan orðróm eða fréttatflutning vera óstaðfestan,“ sagði Helgi.

Bjargey Gunnarsdóttir, þingmaður Vinstri grænna, gerði sama mál að umtalsefni og kallaði eftir fundi í allsherjar- og menntamálanefnd. Hún vill innanríkisráðherra og ríkislögreglustjóra á fund til að svara fyrir málið.

johanna@frettabladid.is



ÓVOPNADIR Samkvæmt upplýsingum frá Embætti ríkislögreglustjóra eru ekki vopn í lögreglubifreiðum á höfuðborgarsvæðinu.

Lögreglan á um 500 skotvopn

Samkvæmt skýrslu sem gerð var um stöðu lögreglunnar árið 2012 kemur fram að lögregluembætti landsins búa yfir 254 skammbyssum. Langflestar þeirra eru hjá ríkislögreglustjóranum vegna sérsvæitar lögreglunnar eða 78. Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu átti 28 skammbyssur og lögreglan á Suðurnesjum 42.

Önnur embætti hafa færri skammbyssur. Lögreglan á 37 riffa og eru 30 þeirra hjá ríkislögreglustjóranum. Samkvæmt skýrslunni frá 2012 átti lögreglan þá 60 sjálfvirk skotvopn. Fimmtíu og átta þeirra voru hjá ríkislögreglustjóranum eða sérsvæitinni en tvö sjálfvirk skotvopn voru hjá lögreglunni á Suðurnesjum. Síðan skýrslan var gerð hafa 150 hríðskotabyssur bæst í vopnabúr lögreglunnar.



OPINN KYNNINGARFUNDUR Á MORGUN

Komdu og kynntu þér hvernig við tengjum Hverahlíð við Hellisheiðarvirkjun

Næstu misserin verður unnið við gufulögn sem mun tengja jarðhitasvæðið í Hverahlíð við Hellisheiðarvirkjun.

Þetta verkefni verður kynnt á opnum fundi í höfuðstöðvum okkar að Bæjarhálsi 1, fimmtudaginn 23. október, kl.17.00.

Allir velkomnir

Orka náttúrunnar framleiðir og selur rafmagn til allra landsmanna á samkeppnishæfu verði. Við viljum nýta auðlindir af ábyrgð og nærgætni og bæta lífsgæðin í nútíð og framtíð.

ORKA NÁTTÚRUNNAR
Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík · Sími 591 2700 · www.on.is · on@on.is

on
ORKA NÁTTÚRUNNAR



KLEINUHRINGIR AÐ AMERÍSKUM SIÐ



kleinu hringir

KLEINUHRINGJABAR

Í Skeifunni, Smáralind, Garðabæ, Kringlunni og á Eiðistorgi.

Minna úrval í öðrum verslunum.



M&M's
Fáranlega gott



Pringles
You Don't just eat 'em



Morgunkorn
Nýjar tegundir



Wise
Ekta bíópopp og ekta ostasnakk



Snyder's
Bragðið kemur á óvart



Marley coffee
Spilaðu Marley lög með kaffibollanum



Svalaðu þorstanum með amerísku gosi

Gildir til 26. október á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

Ekki sameiginlegur grunnur: Viðskiptasagan flutt í hruninu

ALPINGI Elsa Lára Arnardóttir, þingmaður Framsóknarflokksins, spurði Bjarna Benediktsson fjármálaráðherra á



BJARNI BENEDIKSSON

Alþingi hvort viðskiptabankarnir væru með sameiginlegan gagnagrunn um viðskiptasögu einstaklinga. Bjarni segir svo ekki

vera. Bankarnir hafi aðgang að gagnasöfnum upplýsingastofa, til dæmis skuldastöðukerfi og vanskilaskrá Creditinfo Láns- trausts hf.

Þá segir ráðherra að gagnasöfn með upplýsingum um viðskiptasögu viðskiptavina gömlu viðskiptabankanna þriggja hafi flust yfir til þeirra nýju. -jme

Breytt hugtakanotkun:

Orðið „fáviti“ fellt úr lögum

ALPINGI Samkvæmt frumvarpi til laga um breytta hugtakanotkun verður orðið „fáviti“ fellt úr hegningarlögum. Orðið er að finna í 222. grein almennra hegningarlaga en samkvæmt frumvarpinu kemur „einstaklingur með þroskahömlun“ í staðinn.

Innanríkisráðuneytið segir að frumvarpið sé lagt fram sem hluti af undirbúningi fullgildingar samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. -skh

Hjálparstofnanir aðstoða þá sem geta ekki borgað lyf sín

Eldri borgarar sem hafa ekki efni á mat eða lyfjum leita til hjálparstofnana. Formaður Mæðrastyrsnefndar segir hópinn hafa stækkað mikið frá árinu 2009 þegar grunnlífeyrir var tekjutengdur við lífeyrisgreiðslur.

VELFERÐARMÁ „Hópurinn er stór og fer stækkandi, það er áhyggjuefni. Við erum alltaf að sjá ný andlit í þessum hópi, því miður,“ segir Ragnhildur Guðmundsdóttir, formaður Mæðrastyrsnefndar, um fjölgun í hópi eldri borgara sem þurfa að leita á náðir hjálparstofnana.

Fréttablaðið hefur undanfarna daga fjallað um eldri borgara sem ekki hafa efni á nauðsynlegum aðgerðum eða hjálpartækjum; svo sem augnaðgerðum, tannlækningum og heyrnartækjum.

Samkvæmt þeim hjálparstofnunum sem Fréttablaðið hefur rætt við þá nær hópur eldri borgara ekki endum saman og þarf að leita aðstoðar hjá hjálparstofnunum.

Ragnhildur segir sífellt fleiri eldri borgara sækja mataraðstoð til Mæðrastyrsnefndar. „Það er allt of stór hópur sem þarf á aðstoð að halda frá okkur,“ segir hún.

Að sögn Ragnhildar hafa þau fundið fyrir mikilli fjölgun frá árinu 2009 þegar grunnlífeyrir hafi verið tekjutengdur við lífeyrisgreiðslur.

„Það er líka það sem eldri borgarar eru að líða fyrir núna. Verðlagið hækkar gríðarlega mikið en ekki launin. Þessi kjaragliðun sem hefur orðið síðustu ár er dálítið uggevænleg. Og full ástæða til að benda stjórnvöldum á þennan

þátt. Staða margra eldri borgara er mannréttindabrot. Fólk á ekki fyrir nauðpurftum, það er ekkert flóknara,“ segir Ragnhildur.

Vilborg Oddsdóttir hjá Hjálparstofnun kirkjunnar segir hlutfall þeirra eldri borgara sem sækja aðstoð til þeirra hafa haldist nokkuð svipað undanfarin ár.

„Það er hópur sem kemur til að fá lyfjaaðstoð. Eins hjálpum við þeim mikið með heyrnartækin, það eru margir sem eiga í vandræðum með þau,“ segir Vilborg.

Hjálpin felist í fjárhagsaðstoð vegna lyfja sem fólk þarf á að halda og aðstoð með hjálpartæki eins og heyrnartæki og snúi að því að finna leiðir fyrir fólk til þess að kaupa tækin.

Hjálparstofnun kirkjunnar hefur boðið fólki upp á aðstoð vegna lyfjakostnaðar og segir hún eldri borgara hafa komið til þess að fá aðstoð við að kaupa nauðsynleg lyf.

„Lyfjaaðstoðin hefur aukist eftir að nýtt kerfi var tekið upp og oft erum við að hjálpa fólki að finna leiðir þegar það er að byrja á nýju lyfjaári og á eftir að safna sér afslátt upp í næsta,“ segir Vilborg.

Nú rennur senn upp sá tími þegar fólk fer að huga að jólum og segir Ragnhildur marga skjólstæðinga Mæðrastyrsnefndar kvíða þeim þar sem þeir hafi ekki efni



FLEIRI PURFA AÐSTOÐ Hjá Mæðrastyrsnefnd hefur hópur eldri borgara, sem þarf á aðstoð að halda, stækkað. Myndin tengist ekki efni fréttarinnar beint.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

á jólagjöfum, til dæmis fyrir börn og barnabörn.

„Við erum að búa okkur undir jólin núna. Við verðum með eins og við höfum gert; mat, gjafir og hvaðeina sem tilheyrir jóluum,“ segir Vilborg, sem kveður Hjálparstofnun kirkjunnar einnig aðstoða sína skjólstæðinga við að gefa gjafir. Þar gangi foreldrar barna fyrir.

„Áður var meira verið að gefa til okkar en núna hefur almenn- ingur minna milli handanna og við höfum því minna að gefa. Núna



Ragnhildur Guðmundsdóttir, formaður Mæðrastyrsnefndar.

ganga þeir fyrir sem eru að gefa börnunum sínum,“ segir Vilborg Oddsdóttir. viktorija@frettabladid.is

“Fólk á ekki fyrir nauðpurftum, það er ekkert flóknara.”

Ragnhildur Guðmundsdóttir, formaður Mæðrastyrsnefndar.

Audi Q5 Stílhreinn og fjórhjóladrifinn

Vorsprung durch Technik 



Kröfur eiganda Audi hafa sett há viðmið hvað varðar notagildi og útlit. Audi Q5 er glæsilegur bíll og með quattro fjórhjóladrifinu er fátt sem stoppar hann. Meðal staðalbúnaðar bifreiðarinnar eru leðurklædd sæti, BI-Xenon ökuljós, LED dagljós, þrískipt sjálfvirk loftkæling, rafdrifin opnun á afturhlera, Bluetooth símabúnaður, skyggðar rúður ásamt öðrum sjálfsögðum þægindum. Audi Q5 er sérstaklega vel búinn og tilbúinn fyrir íslenskar aðstæður.

Verð frá kr. 9.040.000,- 2.0 TDI, 177 hö, sjálfskiptur – Aukabúnaður á mynd: „Offroad“- pakki

SIEMENS

20%

Þið eruð verð verðlækkunar strax!

Sældarlíf með Siemens

Eins og alþjóð veit er afar líklegt að **vörugjöld** af heimilistækjum verði felld niður um áramót. Til að kæta ykkur ætlum við samt strax að lækka vöruverð um **20%** til áramóta af þeim tækjum, sem nú bera vörugjöld; **ofnum, helluborðum, eldavélum, uppvottavélum, kæliskápum, þvottavélum og þurrkurum.**



**SMITH &
NORLAND**

Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is

Gildir ekki um sértíloð.



GRAMSA Í VOPNASENDINGU Liðsmenn vígasveitanna sýna feng sinn.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Vopn ætluð Kúrdum:

Vígasveitirnar hirtu vopnin

SÝRLAND, AP Liðsmenn Íslamska ríkisins birtu í gær myndband, þar sem þeir sjást gramsa í vopnasendingum ætluðum Kúrdum.

Bandaríkin vörpuðu í vikunni vopnum niður til Kúrda í Sýrlandi, sem áttu að nota þau til þess að berjast við vígasveitirnar sem herjað hafa á bæinn Kobani undanfarið. Vopnin voru sögð komin frá ráðamönnum Kúrdahéraðanna í Írak.

Ekki var annað að sjá en myndbandið væri ekta. Þar sést að vígasveitirnar hafi náð að minnsta kosti einni vopnasendingu.

-gb

EVROPA

Mukwege verðlaunaður

Kvensjúkdómalæknirinn Denis Mukwege frá Kongó fær Sakharov-verðlaunin í ár fyrir baráttu sína gegn kynferðisofbeldi gegn konum á stríðstínum. Það er Evrópuþingið sem úthlutar verðlauninum, en í fyrra komu þau í hlut pakistönsku stúlkunnar Malölu Yousafzai.



ERFIÐ BARÁTTA Læknir í Líberíu tekur af sér hlífðarbúnað eftir að hafa sinnt ebólusjúklingum.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP



LÉTTIR Á SPÁNI Læknir skýrir frá því að seinni prófun, sem gerð var í gær, hafi leitt í ljós að hjúkrunarkonan Teresa Romero væri laus við veiruna.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Brátt styttist í bólusetningu

Tilraunir með bólusetningu í stórum stíl gegn ebólunni gætu hafist í ríkjum Vestur-Afríku strax eftir áramótin. Þróun tveggja bóluefna er langt komin en tryggja þarf að engin hætta fylgi notkun þeirra.

GENF, AP Strax í janúar má búast við því að tugir þúsunda skammta af bóluefni gegn ebólunni verði tilbúnir til notkunar. Þar með verði hægt að hefja prófanir á notkun þeirra í ríkjum vestanverðrar Afríku, þar sem ebólufaraldurinn hefur verið illviðráðanlegur til þessa.

Þessu skýrði Alþjóðaheilbrigðisstofnunin, WHO, frá í gær. Tugir þúsunda manna muni fá bóluefnið.

„Ég er ekki að gefa í skyn núna að fjöldabólusetningar muni hefjast árið 2015,“ tók þó Marie Paule Kiene frá WHO fram á blaðamannafundi.

Tugir þúsunda manna muni fá bóluefnið til að byrja með, en ekki milljónir. Framkvæmdin gæti þó orðið eitthvað snúin, og nokkur ágreiningur kom upp á fundi WHO um málið í Genf.

Þrjú lyf hafa nú þegar verið prófuð á ebólusjúklingum í smáum stíl. Eitt heitir Brincidofovir, framleitt af bandaríska lyfjafyrirtækinu Chimerix, en það lyf hefur einnig verið notað gegn fleiri veirum.

Þá hefur lyfið ZMapp, framleitt af bandaríska lyfjafyrirtækinu Mapp Pharmaceuticals, einnig verið notað, en það hefur verið þróað sérstaklega til þess að herja

á ebóluveiruna. Litlar birgðir eru til af þessu lyfi.

Þriðja lyfið heitir TKM-Ebola, framleitt af kanadíska lyfjafyrirtækinu Tekmira Pharmaceuticals. Það hefur verið notað á einn sjúkling, en er til í afar takmörkuðu magni.

Síðferðileg álitamál gætu til dæmis flækst verulega fyrir þeim, sem eiga að sjá um að velja fólk til þess að taka þátt í tilraunum, og taka ákvarðanir um það hverjir eiga aðeins að fá lyfleysu til að vera í samanburðarhópi.

Ebóluveiran hefur orðið hátt í fimm þúsund manns að bana í vestanverðri Afríku, en alls hafa

á tunda þúsund smitast. Tíu mánuðir eru nú liðnir frá því faraldurinn hófst, en íbúar í Líberíu, Gíneu og Síerra Leóne hafa orðið verst úti.

Nokkrir einstaklingar hafa veikt á Vesturlöndum, þar á meðal spænska hjúkrunarkonan Teresa Romero, en í gær var endanlega staðfest að hún væri laus við veiruna eftir þriggja vikna sjúkrahúslegu.

Í Bandaríkjunum er byrjað að kanna hvort flugfarþegar frá Afríkurríkjunum þremur séu með hita, en ákvörðun um þetta var tekin fyrr í mánuðinum.

gudsteinn@frettabladid.is

Zero Emission

EYÐIR BARA 2.900 KR. Á MÁNUÐI*

NISSAN LEAF NORDIC
VERÐ FRÁ: 4.490.000 KR.

KAUPAUKI

250.000 KR. HEIMAHLEÐSLUSTÖÐ
SEM HLEÐUR BÍLINN Á AÐEINS
4 KLST. FYLGIR ÖLLUM NÝJUM
NISSAN LEAF



4
KLST.



Innovation
that excites

ÞÚ KEMST ALLRA ÞINNA FERÐA Á NISSAN LEAF FYRIR EINUNGIS BROT AF ELDSNEYTISKOSTNAÐI HEFÐBUNDINS BÍLS

5 ÁRA ÁBYRGÐ

Öllum Nissan Leaf rafbílum sem BL ehf. selur fylgir 3 ára verksmiðjuábyrgð auk 5 ára verksmiðjuábyrgðar á rafhlöðu sem tryggir þig fyrir mögulegum bilunum, innköllumum eða uppfærslum á búnaði sem kunna að koma upp yfir ábyrgðartímann.

*Miðað við verðskrá ON 10.09.2014 og 1.250 km akstur á mánuði / 15.000 km á ári.

NOTAÐUR BÍLL SEM INNÁBORGUN

Þeir sem kaupa Nissan Leaf Nordic rafbil frá BL ehf. geta greitt hluta kaupverðsins með notuðum bíl. Restina er hægt að taka að láni að hluta eða öllu leyti.

45 DAGA SKIPTIRÉTTUR

Langar þig að prófa en ert ekki viss? Öllum Nissan Leaf Nordic rafbílum sem BL ehf. selur fylgir 45 daga skiptiréttur.**

**Ef viðskiptavinur sem keypt hefur Nissan Leaf Nordic telur bilinn ekki henta þörfum sínum bjóðum við 45 daga skiptirétt. Viðskiptavinur getur þá skilað bilnum og látið kaupverðið ganga upp í kaup á sambærilegum eða dýrari nýjum bíl frá BL ehf. Miðað er við að bilinn sé ekinn að hámarki 1.500 km á tímabilinu.



BL ehf. / Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

GE bílar / Reykjanesbæ / 420 0400 – Bilasalan Bílás / Akranesi / 431 2622 – Bilasala Akureyrar / Akureyri / 461 2533 – Bilaverkstæði Austurlands / Egilsstöðum / 470 5070 – IB ehf. / Selfossi / 480 8080

Byrjaðu jólin í **BAUHAUS**[®]



16.995.-

Kirsuberjatré

Með 300 hrimhvítum LED perum. Hæð 2 metrar, þvermál stofns 5 cm. Hægt er að taka berin af. Á málmfæti. IP44 vottað.



16.995.-

Snjóberjatré

Með 300 hrimhvítum LED perum. Hæð 2 metrar, þvermál stofns 5 cm. Hægt er að taka berin af. Á málmfæti. IP44 vottað.



Mörgæsaffjölskylda

Hæð 40 cm, með 40 hvítum LED-perum. IP44-vottuð.

7.995.-



Jólasveinn með poka

Hæð 36 cm, með 48 hvítum LED-perum. IP44-vottaður.

5.995.-



Útisería með 360 LED-perum

Lengd 6 metrar, með 8 stillingum. Straumbreytir fylgir. Með hvítum eða marglitum LED-perum.

7.995.-

Með 960 LED-perum

Lengd 9,6 metrar, með 8 stillingum. Straumbreytir fylgir. Með hvítum eða marglitum LED-perum.

17.995.-

Með 1560 LED-perum

Lengd 13 metrar, með 8 stillingum. Straumbreytir fylgir. Með hvítum eða marglitum LED-perum.

24.995.-

Mjög mikið úrval af inni- og útiseríum í öllum stærðum og gerðum.



Maxilight útisería

Með 160 hvítum LED-perum. 12 m.

2.995.-

Novalight útisería 160

Með 160 hvítum eða marglitum LED-perum, lengd 24 m.

3.995.-



Íkorni

Hæð 33 cm, með LED-perum. IP44-vottaður.

3.995.-



Ugla

Hæð 33 cm, með 20 LED-perum. IP44-vottuð.

3.995.-



Hreindýrasett

Hreindýr með rauða slaufu. Hæð 21 og 38 cm. IP44-vottuð.

7.995.-



Ísbjarnasett

Ísbirnir með rauða slaufu. Hæð 21 og 35 cm. IP44 vottaðir.

6.995.-



Dúfur, 3 í pakka

Hæð 21 cm, með 48 hvítum LED-perum. IP44-vottaðar.

7.995.-



Refur

Með 120 LED perum. IP44 vottaður.

13.995.-



Er alveg víst að hallalaus fjárlög séu eina leiðin:

Tökum stór lán hjá framtíðinni

Skuldir íslenska ríkisins eru miklar og afborganir og vextir af þeim eru svimandi háar fjárhæðir. Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra er ákveðinn, hann setur niðurgreiðslu lánanna í forgang. Segir lægri skuldir og lægri greiðslubyrði vera helsta velferðarmál þjóðarinnar. Þegar okkur hefur orðið ágengt þar, þá opnast tækifæri til svo margt. Staða okkar er þannig að illa getum við gert hvort tveggja, greitt niður skuldir og rekið það samfélag sem við höfum vanist, og alls ekki það samfélag sem við viljum helst hafa.



Sigurjón Magnús Egilsson

sme@frettabladid.is

Til að fara leið Bjarna, að hallalausum fjárlögum, verðum við að grípa til margt, og sumt af því er miður gott. Hversu oft hefur okkur verið sagt að ein mesta, besta og skynsamlegasta fjárfesting sem þekkt sé aukin menntun. Að hver króna sem sett er í menntun skili sér margfalt til baka. Hvers vegna er þá gripið til þess ráðs að fæla fólk, sem er tuttugu og fimm ára og eldra, frá menntun? Er það vegna þess að ekki sé þjóðhagslegur hagur af námi þess fólks, eða erum við að fórnari fólk og framtíðartekjum til að greiða niður aðrar skuldir? Og hvort er betra að lækka greiðslubyrðina eða afsala þjóðinni tekjum framtíðarinnar?

Mikið vantar upp á að þeir peningar sem varið er, og á að verja, til vegamála dugi til nauðsynlegs viðhalds, hvað þá uppbyggingar. Ástæðan er markmiðið um lækun skulda. En hvað kostar hvert slys mikið? Hvað þurfum við að borga vegna hættulegra vega? Það er erfitt að reikna fjárhagslegt áfall af vöndum vegum og ónýtum. En auðvelt að reikna vexti og afborganir ríkissjóðs. En hvort er betra, að auka kostnað vegna afborgana eða leggja fram nauðsynlega peninga til viðhalds og uppbyggingar vega? Þá er óreiknuð óhamingja þeirra sem slasast.

Það þarf væntanlega að loka nokkrum flugvöllum. Ekki vegna þess að ekki sé þörf fyrir þá. Nei, vegna þess að við höfum ekki efni á að halda þeim opnum. Flugvellirnir eru ekki bara til áætlanarflugs eða skemmtiflugs. Þeir eru líka til sjúkra- og neyðarflugs. Kann að vera að frestun á viðhaldi kosti síðar meira en það sem nú á að spara?

Heilbrigðiskerfið hangir enn á bjargbrúninni. Hluti ástandsins þar er þekktur allri þjóðinni og seint verður hægt að reikna til enda skaðann sem hlýst af frestun nauðsynlegra verkefna.

Markmiðið um hallalaus fjárlög er stefnuviti allra ákvarðana. Sem er göfugt markmið. Þá er eftir að reikna, hvort er dýrara að borga afborganir og vexti eða safna upp mörgum og óleystum verkefnum sem munu kosta verulega mikla peninga þegar þar að kemur. Það eru ekki búvísindi að halda í aurinn og kasta krónunni, nema þá kannski ef henni yrði kastað fyrir fullt og allt.

Það ágæta fólk, sem nú fer með völdin fyrir okkar hönd, ætti að leggja fram trúverðuga útreikninga um hvor leiðin er betri. Eins lá spyrja hvort hægt sé að þrengja að öðru og minna áriðandi en heilbrigði, menntun og öryggi. Svárið hlýtur að vera einfalt, auðvitað er það hægt. Nú tökum við dýr lán hjá framtíðinni. Það kemur að skuldadögum.

FRÁ DEGI TIL DAGS

Skotið fyrst og spurt svo I

Vopnamál lögreglunnar voru rædd á Alþingi í gær. Helgi Hjörvar, þingflokksformaður Samfylkingarinnar, sparaði ekki föstu skotin: „Ég neita að trúa að innanríkisráðherra hafi, án nokkurrar umræðu í samfélaginu eða í þinginu, heimilað stórfeld vopna-kaup. Ég neita líka að trúa því að 500 milljóna króna fjárveiting, sem samþykkt var í þinginu, hafi verið nýtt í þessu skyni; fjárveiting sem átti að efla almenna löggæslu í landinu,“ sagði Helgi og bætti við „... að ráðherrann sækir um sérstaka fjárveitingu, en lögreglan sé ekki með leynd vopnavædd án nokkurrar lýðræðis-lesgrar umfjöllunar þar um.“



Skotið fyrst og spurt svo II

Björn Valur Gíslason, varaformaður Vinstri grænna, skaut í allar áttir á þingi í gær og sagði meðal annars: „Samfélagið virðist vera meira og minna í uppnámi. Verkföll og átök eru fram undan á flestum sviðum. Þá berast fréttir af því að það séu til peningar til að kaupa ný vopn fyrir lögregluna, hrifðskotabyssur og hálf-sjálfráttar byssur, af sömu fjárlögum og gera ekki ráð fyrir því að börnum sé boðið upp á framhaldsskólanám hér og að fullorðnu fólki sé sömu-leiðis úthýst úr framhaldsskólunámi. Í sömu fjárlögum er gert ráð fyrir því að hægt sé að kaupa einhvern hundruð nýrra hrifðskotabyssna og hálf-sjálfráttar skammbyssna fyrir lögregluna.“




Skotið fyrst og spurt svo III

Helgi Hrafn Gunnarsson Pírati hitti kannski best í mark og talaði af reynslu: „... en það hefði aldrei hvarflað að mér að ég hefði átt að spyrja á þeim tíma hvort þetta færi ekki örugglega ekki í 200 MP5-hrifðskotabyssur. Ég hef spilað nógu marga tölvuleiki um ævina, virðulegi forseti, til að vita nákvæmlega hvaða vopn þetta eru. Þetta eru drápstæki. Það að hafa 200 stykki hjá lögregluliði sem telur 600-700 manns þykir mér fráleitt miðað við það fyrirkomulag sem við höfum búið við, fyrirkomulag sem fólk hefur almennt verið sátt við.“

sme@frettabladid.is

HALLDÓR



FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGAUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI: Sævar Freyr Práinsson ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI: Kristín Þorsteinsdóttir kristin@frettabladid.is FRÉTTASTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson sme@frettabladid.is. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

Lýfið

STÓRSKEMMTILEGT
drullumall
FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA
SÝNT Í TJARNARBÍÓ

"Þar er leikið með ljós og skugga... Börnin skemmtu sér konunglega (við líka)..."
- Dagný Kristjánsdóttir, Hugrás.

Sun. 26. okt. kl. 13.00
Sun. 2. nóv. kl. 13.00
Lau. 8. nóv. kl. 14.00
Sun. 9. nóv. kl. 13.00

MIÐASALA Á MIÐI.IS OG Í TJARNARBÍÓ

Húsum okkur upp með skynseminni

HÚSNÆÐISMÁL



Eygló Harðardóttir félags- og húsnæðismálaráðherra

Enn fjólgar sveitarfélögum sem telja skort á leiguhúsnæði. Á höfuðborgarsvæðinu telur aðeins Garðabær að framboð leigubúða í sveitarfélaginu sé nóg. Samtímis eru um 1.800 manns á biðlista hjá sjö stærstu sveitarfélögum, þórrinn á höfuðborgarsvæðinu.

Stuttu eftir að ég tók við ráðherraembætti minnti ég á júlísamkomulag aðila vinnu-markaðarins frá 1965 um stóratök til að leysa brýnan húsnæðisskort. Samkomulagið var liður í lausn erfiðrar vinnudeilu og var samið um byggingu 1.250 íbúða fyrir lágtekjufólk í Reykjavík. Benti ég á að í aðdraganda erfiðra kjarasamninga gætu samningar af þessum toga reynst skynsamlegir.

Verkalýðshreyfingin hefur nokkra reynslu af samkomulagi við atvinnurekendur um framlög í fræðslusjóði, orlofssjóði og sjúkrasjóði og síðast árið 2011 náðist samkomulag við atvinnurekendur um að þeir greiddu árlega rúman einn milljarð króna í starfsendurhæfingarsjóði. Hvers vegna ekki að semja við atvinnurekendur um sérstakt framlag í húsnæðissjóði á vegum verkalýðsfélaganna til uppbyggingar leiguhúsnæðis fyrir félagsmenn?

Í tillögum um framtíðarskipan húsnæðismála eru gerðar ýmsar tillögur til að liðka fyrir starfsemi húsnæðisfélaga sem byggja eða kaupa íbúðir til langtímaleigu til að lækka kostnað og auka hagkvæmni, meðal

→ Í mínum huga er enginn betur til þess fallinn að stofna og reka leigufélög án gróðasjónarmiða en verkalýðsfélög sjálf.

annars að vaxtaniðurgreiðslum verði breytt í stofnstyrki og með skattaávilnunum fyrir félögin. Unnið er að fjórum frumvörpum í velferðarráðuneytinu fyrir yfirstandandi þing sem öll stöðja við þessar hugmyndir um nýtt júlísamkomulag.

Þessu til viðbótar má benda á að lífeyris-sjóðirnir fjármagna stóran hluta húsnæðis-lána og í stjórnun þeirra sitja fulltrúar launafólks og atvinnurekenda. Því ætti að vera lag til að semja um hagstæða fjármögnun í þágu launafólks.

Í mínum huga er enginn betur til þess fallinn að stofna og reka leigufélög án gróðasjónarmiða fyrir almenning í landinu en verkalýðsfélögin sjálf, ekki hvað síst á höfuðborgarsvæðinu þar sem þörfin er hvað mest. Þau hafa reynsluna, þau hafa árum saman rekið leigufélög í gegnum orlofssjóðina og þekkja hvernig á að standa að þessu.

Í dag koma saman fulltrúar verkalýðsfélaganna um allt land á ársfund ASI, kjósa sér forseta og marka stefnuna í aðdraganda kjarasamninga. Ég trúi því og treysti að niðurstaðan verði í þágu framtíðarinnar.

Björgum því sem bjargað verður

Tónlistin úr útvarpsviðtækinu í bílnum, úr tölvunni eða af geisla-plötunni verður ekki til í tækjunum. Hún verður til í hjarta og huga fólks sem oftast á langt tónlistarnám að baki. En hver yrðu viðbrögð okkar ef hennar nyti ekki lengur við?

MENNTUN



Gunnar Guðbjörnsson óperusöngvari

tónlistarskólanna versnað til muna og glíma þeir allir við rekstrarvandamál. Sumir eru upp á lán komnir og með hliðsjón af árferðinu má í raun segja að þeir séu þegar gjaldþrota.

Útlit er fyrir að verfall hefjist hjá Félagi tónlistarkennara í dag. Þótt fyrir að það hafi verið samkomulag um að laun tónlistarkennara fylgdu launaþróun annarra kennara í landinu eru tilboð samninga-

nefnda langt undir samningum við aðra félagi í KÍ. Bregðist foreldrar tónlistarnemenda við með því að láta þá hætta í námi fer illa fyrir skólunum sem þegar eru í slæmri stöðu vegna gallaðs samkomulags um fjármögnun.

Það er ekki tónlistarkennslan sem er að hrúni komin heldur er það bakhjarlinn að hinu öfluga kerfi sem bregst. Á sama tíma keppast stjórnámamenn við að hæla því á uppskeruhátíð tónlistarskólanna „Nótunni“ í Hörpu, hinu glæsilega húsi tónlistarinnar. Hressileg var því

áminning Faulkners og ekki síst hvatning, þar sem hann sagði: Það má aldrei leyfa stjórnámamönnum að komast upp með að hlaða starfsemi lofsorði öðruvísi en fylgi gerðir í samræmi.

Ég krefst því þess af borgarstjóra og menntamálaráðherra að þeir leysi deiluna um fjármögnun skólanna. Ég krefst þess af sveitarfélögum að þeir leysi deiluna um fjármögnun skólanna. Ég krefst þess af sveitarfélögum að samið verði við tónlistarkennara um sömu laun og kennarar fengu í Kennarasambandi Íslands. Ég krefst þess að bjargað verði kerfi sem skilar árangri.

→ Ég krefst þess af sveitarfélögum að samið verði við tónlistarkennara um sömu laun og kennarar fengu í Kennarasambandi Íslands. Ég krefst þess að bjargað verði kerfi sem skilar árangri.

Fyrirlestur Dr. Roberts Faulkner á málþingi Tónskóla Sigursveins í fyrri viku verður mér minnistæður. Hann stýrir tónlistarskóla fyrir á annað þúsund nemendur í Ástralíu en er öllum hnútum kunnugur hér eftir áratuga störf í Hafnalækjarskóla í Þingeyjar-sveit. Skilaboð hans voru að tónlistarnám efli námsgetu og almenna samfélagslega virkni og vitund ungs fólks. Tónlistariðkun bæti fólk og færi þeim eiginleikann til að njóta vel mikilvægra lífsgæða, tónlistarinnar.

Verðmæt var framtíðarsýn Gylfa Þ. Gíslasonar sem í embætti menntamálaráðherra skapaði grunninn með lagasetningu að uppbyggingu núverandi kerfis um miðja síðustu öld. Tónlistarskólarnir hafa fært Íslendingum tónlistarlíf sem hefur gert mörgum lífið á þessari harðbýlu eyju þess virði að lifa því. Svo einfalt er málið í mínum huga.

Tónleikar íslenskra hljómsveita erlendis eru taldir í hundruðum og hafa tónlistarskólarnir sjálfir brotið múrana milli sígildrar tónlistar og hryntónlistar. Tvær sinfóníuhljómsveitir æskufólks starfa í Reykjavík og nýjustu landvinningar Sinfóníuhljómsveitar Íslands á Proms í haust sýna okkur hvert tónlistarlífið hér á landi er í raun komið. Árangurinn er frábær.

Rekstrarvandamál

Stórgallað samkomulag um fjármögnun framhaldsstigs í tónlistarnámi og framhalds- og miðstignámi í söng frá árinu 2011 hefur enn ekki verið endurskoðað frekar en gengið hafi verið frá nauðsynlegri lagasetningu varðandi starfsemi skólanna. Framlög ríkisins nægja ekki til að fjármagna kennsluna á þessum stigum og því hafa flest sveitarfélög á landinu brúað bilið; öll nema Reykjavík raunar. Ekki dugir að fækka nemendum því að þá lækkar framlag svokallaðs Jöfnunarsjóðs til skólanna og þar með eiga skólarnir ekki neitt frekar fyrir þeirri kennslu sem þeir veita. Fyrir vikið hefur fjárhagsleg staða

AF NETINU

Hnignun heilsugeirans



Á markmiðið að vera eingöngu að gera þá ríku ríkari eða að bæta hag alls almennings og sameiginlega þjónustu í heilbrigðis- og menntamálum?

Ég gef mér að meirihluti sé fyrir seinna markmiðinu.

Það þarf að móta trúverðuga stefnu um að snúa þróuninni við sem allra fyrst. Leggja fram ítarlega tímasetta áætlun um enduruppbyggingu og úrbætur, ásamt vandaðri útfærslu á því hvernig greiða eigi fyrir endurreisnina. Aukin notendagjöld eru ekki ásættanleg leið.

Ekkert er þjóðinni mikilvægara en traust og gott heilbrigðiskerfi.

Stjórnámamenn úr öllum flokkum verða að rísa undir nafni og sýna að þeir geti gert eitthvað gagnlegt á þessu sviði.

Sýna að þeir vilji virkilega gera eitthvað í málinu.

<http://blog.pressan.is>

Stefán Ólafsson

★★★★★
– RÖP, Mbl.

★★★★★
Glæsileg uppfærsla

– Jónas Sen, Fbl.

Fimmstjörnu-kvöld í Íslensku óperunni. Hver stórsöngvarinn toppar annan í glæsilegri og þaulunninni sviðsetningu. Kristinn rís bókstaflega í shakespearskar hæðir í nístandi og hrollvekjandi túlkun sinni ...

– Jón Viðar Jónsson



Giuseppe Verdi

DON CARLO

Stórviðburður í íslensku menningarlífi ... Stórkostleg sýning

– Óðinn Jónsson, RÚV

Kristinn söng svo vel að jökla bránuðu

– Silja Aðalsteinsdóttir, tmm.is

Hitti mig í hjartastað

– Bergþór Pálsson, óperusöngvari

Hrein unun!

– Svanhildur Konráðsdóttir, sviðsstjóri hjá Rvk.

Gaman að sjá stjörnu fæðast ...

– Magnús Ragnarsson, kórstjóri

Var að koma af flottustu óperusýningu sem ég hef séð á Íslandi

– Hildigunnur Rúnarsdóttir, tónskáld

Ég fór í Óperuna. Það var geggað. Drífið ykkur.

– Sigríður Thorlacius, söngkona

2. sýning 25. október kl. 20

3. sýning 1. nóvember kl. 20

4. sýning 8. nóvember kl. 20

Miðasala í Hörpu og á harpa.is

Miðasölusími 528 5050



ÍSLENSKA ÓPERAN

www.opera.is

✠

Elskuleg systir mín,
SVAVA ERLA SIGMUNDSDÓTTIR ANDRESEN

lést á heimili sínu, San Rafael, Kaliforníu, laugardaginn 18. október.

Ingveldur Fr. Sigmundsdóttir



✠

Ástkær eiginkona mín, dóttir, móðir, stjúpmóðir, tengdamóðir, systir og amma,
INGIBJÖRG GISSURARDÓTTIR
Leiðhömrum 32, Reykjavík,

lést á líknardeildinni í Kópavogi föstudaginn 17. október sl. Útförin fer fram frá Frikirkjunni í Reykjavík fimmtudaginn 23. október kl. 13.00.

Örn Sigurjónsson
Bryndís Guðmundsdóttir
Porvaldur Arnarson
Bryndís Björk Arnardóttir
Pórður Örn Arnarson
Ísleifur Orri Arnarson
systkini og barnabörn.

Árni Grétarsson
Ásta Dögg Jónasdóttir
Ólöf Jónsdóttir



✠

Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma, dóttir og systir,
ELÍN BIRNA HARÐARDÓTTIR

lést á Landspítalanum miðvikudaginn 15. október. Útförin fer fram frá kirkju Óháða safnaðarins í Reykjavík föstudaginn 24. október kl. 13.00.

Aldolf Ársæll Gunnsteinsson
Björn Kristinn Adolffsson
Jóhann Karl Adolffsson
Júlia Lind Jóhannsdóttir
Halldóra K. Guðjónsdóttir
Katrín Ú. Harðardóttir
G. Svafa Harðardóttir
Pórhallur G. Harðarson

Guðrún Anna Númadóttir
Bjarney Lára Sævarsdóttir

Guðni B. Guðnason
Brynja B. Rögnvaldsdóttir



✠

Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, stjúpfaðir, tengdafaðir, afi, langafi og langlangafi,
GUÐMUNDUR JÓN JÓHANSSON
Kristnibraut 49,

lést þann 17. október á hjúkrunarheimilinu Eir. Útförin verður auglýst síðar.

Bryndís Z. Magnúsdóttir
Sigríður J. Guðmundsdóttir

Sigurína Guðmundsdóttir
Próstur Guðmundsson
María Guðmundsdóttir
Július Helgi Sigmundsson
Kristjana Sigmundsdóttir
Jóhanna Árný Sigmundsdóttir
afabörn, langafabörn og langlangafabarn.

Jón Pétursson
Sigurður Emil Ólafsson
Jean Antoine Posocco
Björg Ólafsdóttir
Rafn Yngvi Rafnsson
Birna Ágústsdóttir
Hjálmar Steinn Pálsson
Magnús Norðdahl



LEGSTEINAR
MIKIÐ ÚRVAL AF FYLGIHLOTUM

VÖNDUÐ VINNA

Steinsmiðjan Mosaik

Stofnað 1952 Hamarshöfði 4 - sími 587-1960 - www.mosaik.is



Nýtt á heimsvísu
VARANLEGT LETUR
Eingöngu hjá Granithöllinni

Eitt mesta úrval landsins af fallegum legsteinum og fylgihlutum hjá Granithöllinni

Granithöllin
Legsteinar
www.granithollin.is
Bæjarhrauni 26 Hafnarfirði ☎ 555-3888




MIKILVÆG VIÐURKENNING
Sara segir verðlaunin vera til þess að upphefja íslenska hönnun.
FRÉTTABLAÐID/GVA

Hönnunarverðlaun Íslands veitt í fyrsta sinn

Í ár verða Hönnunarverðlaun Íslands afhent í fyrsta sinn. Sara Jónsdóttir hjá Hönnunarmiðstöð Íslands segir mikilvægt að upphefja íslenska hönnun hér heima og erlendis.

Hinn 20. nóvember verða Hönnunarverðlaun Íslands afhent í fyrsta sinn. Hönnunarmiðstöð Íslands stendur fyrir þeim í samstarfi við Hönnunarsafn Íslands og Listaháskóla Íslands. Tilgangur verðlaunanna er að vekja athygli á mikilvægi íslenskrar hönnunar og arkitektúrs, og veita viðurkenningu fyrir framúrskarandi verk sem unnin eru á þessu sviði á Íslandi. Sara Jónsdóttir hjá Hönnunarmiðstöð Íslands segir að verðlaunin hafi verið í vinnslu í nokkur ár.

„Mikill áhugi er innan hönnunar- samfélagsins hér að hrinda þessu verkefni af stað, þar sem þetta hefur lengi tíðkast erlendis,“ segir Sara. „Við höfum bókmennta-, kvikmynda- og tónlistarverðlaun, en hér hafa aldrei verið veitt íslensk hönnunarverðlaun sem slík. Þetta er því mjög stór áfangi fyrir okkur,“ segir hún.

Verðlaunin verða veitt hönnuði, arkitekt, hönnunarteymi eða stofu fyrir framúrskarandi ný verk; einstakan hlut, verkefni eða safn verka. „Hver sem er getur tilnefnt allt frá byggingu yfir í textíl, keramik, upplifunarhönn-

„Mikill áhugi er innan hönnunarsamfélagsins hér að hrinda þessu verkefni af stað.“

Sara Jónsdóttir hjá Hönnunarmiðstöð Íslands.

un, graffíska hönnun eða fatahönnun. Við ætlum að byrja með ein verðlaun en með tímanum bætast örugglega við fleiri flokkar,“ segir Sara. Opíð verður fyrir tilnefningar til miðnætis föstudaginn 24. október.

✠

Móðir okkar, fóstur, tengdamóðir, amma og langamma,
GUÐBJÖRG BERGMUNDSDÓTTIR
frá Nýborg í Vestmannaeyjum,
Hrafnistu, Hafnarfirði,

lést föstudaginn 10. október. Útför hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Þökkum innilega sýnda samúð og vinarþel. Sérstakar þakkir til starfsfólks Hrafnistu í Hafnarfirði fyrir einstaka umhyggju og hlýju.

Kristinn Þórir Sigurðsson
Bergmundur Helgi Sigurðsson
Bergmundur Elli Sigurðsson
barnabörn og barnabarnabörn.

Ásta Úlfarsdóttir
Ingibjörg Sigurjónsdóttir
Ólöf Helga Júlíusdóttir



✠

Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,
ELÍN RAGNARSDÓTTIR
Dverghömrur 42, Reykjavík,

andaðist á Landspítalanum Fossvogi þriðjudaginn 7. október.

Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Fjölskyldan þakkar auðsýnda samúð og vináttu.

Matthías Helgason
Lovísa Matthíasdóttir
Reynir Matthíasson
Lúðvík Matthíasson
Baldvin Smári Matthíasson
Ragnar Matthíasson
barnabörn og barnabarnabörn.

Lone Hedtoft
Elín Arnardóttir
Jóna Gylfadóttir
Sólrun Einarsdóttir



✠

Okkar innlegustu þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför okkar ástkæra eiginmanns, föður, tengdafaður, afa og langafa,
HÓLMGEIRS JÚLIUSSONAR
Hringbraut 2b, Hafnarfirði.

Sérstakar þakkir sendum við starfsfólki á deild B4, Landspítala Fossvogi.

Fyrir hönd fjölskyldunnar,
Kristjana Björg Þorsteinsdóttir



✠

Innlegar þakkir fyrir auðsýnda vinsemd og samúð við andlát og útför
VALS ÓSKARSSONAR
kennara.

Ásdís Bragadóttir
Jóhanna Ósk Valsdóttir
Eva Huld Valsdóttir
Bragi Þór Valsson
Guðlaug Ósk, Ásdís Anna, Friðrik Valur, Dagmar Helga og Lilja Rós

Bjartur Logi Guðnason
Ólafur Rúnar Ísaksson
Christina van Deventer



✠

Ástkær móðir okkar,
GUÐRÚN JÓNÍNA SIGURPÁLSDÓTTIR
Seljahlíð, Reykjavík,
áður til heimilis á Dalvík,

lést á Víflsstöðum 16. október. Útför hennar fer fram frá Seljakirkju, fimmtudaginn 23. október kl. 15.00.

Hanney Ingibjörg Árnadóttir
Aðalberg Snorri Gestsson
Signý Gestsdóttir
Sigurpáll Gestsson
og aðrir aðstandendur.



✠

Ástkær eiginkona mín, dóttir, tengdadóttir, systir, mágkona og vinkona,
BERGLIND GUÐMUNDSDÓTTIR

lést í faðmi eiginmanns, fjölskyldu og vina á líknardeild Landspítalans föstudaginn 17. október. Útför Berglindar fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju mánudaginn 27. október kl. 13.00. Þeim sem vilja minnst hennar er bent á Minningarsjóð líknardeildar Landspítala.

Fyrir hönd aðstandenda,
Örvar Geir Friðriksson



OYSTER PERPETUAL
MILGAUSS

ROLEX



MICHELSEN
ÚRSMÍÐIR

Laugavegur 15 - 101 Reykjavík
511 1900 - www.michelsen.is

MARKAÐURINN

Miðvikudagur 22. október 2014 | 28. tölublað | 10. árgangur

Sími: 512 5000 | [visir](http://www.visir.is) www.visir.is

VIÐ **ELSKUM**
AÐ PRENTA!



Guðjón Ó
VISTVÆNA PRENTSMIÐJAN

**Kostnaður
slitastjórna
bankanna
er samtals**

8 MILLJARÐAR KR.
Á FYRRI HELMINGI ÁRS 2014

Landsbankinn

Milljónir á fyrri helmingi árs 2014

Laun	814
Póknun slitastjórnar*	
Lögfræðiráðgjöf	1131
Önnur sérfræðiráðgjöf	328
Heildarkostnaður	2.660

milljónir

*Ekki gefið upp

Kaupping

Milljónir á fyrri helmingi árs 2014

Laun	668
Póknun slitastjórnar	103
Lögfræðiráðgjöf	570
Önnur sérfræðiráðgjöf	827
Heildarkostnaður	2.620

milljónir

Glitnir

Milljónir á fyrri helmingi árs 2014

Laun	372
Póknun slitastjórnar	91
Lögfræðiráðgjöf	555
Önnur sérfræðiráðgjöf	1.089
Heildarkostnaður	2.690


milljónir

Ekki á leið í höllina á næstunni

Kolbeinn Árnason, framkvæmdastjóri LÍÚ, segist ekki vita til þess að fyrirtæki innan sambandsins séu að skoða að elta HB Granda inn í Kauphöllina. Hann segir aukna aðkomu almennings að sjávarútvegi geta hjálpað greininni að flytja mál sitt.

„Ég held að það gæti verið spennandi fyrir greinina að fá fleiri eigendur inn en við höfum engar upplýsingar um að sjávarútvegsfyrirtækin séu að skoða skráningu í Kauphöllina,“ segir Kolbeinn.

→ **SÍÐA 4**



Gafflarnir í verslanir í Ameríku

Lauf Forks hefur samið við bandaríska fyrirtækið QBP um dreifingu á hjólagöfllum íslenska nýsköpunarfyrirtækisins í Bandaríkjunum, Kanada, Mexíkó og Mið-Ameríku.

„Fyrirtækið er stærsti dreifingaraðili hjóla- varnings í heiminum og nú geta verslanir á lykilmarkaðssvæðum tekið gafflana okkar til sölu á einfaldan hátt. Þetta er því stórt skref fyrir okkur og mikill gæðastimpill,“ segir Benedikt Skúlason, framkvæmdastjóri og einn af eigendum Lauf Forks.

→ **SÍÐA 2**

Færir sig yfir til Frihafnarinnar

„Þetta er spennandi starfsvettvangur í smásölugeiranum sem ég þekki vel og tengist líka ferðalögum og ferðamönnum sem er mjög vaxandi markaður á Íslandi,“ segir Þorgerður Þráinsdóttir, nýráðinn framkvæmdastjóri Frihafnarinnar.

Þorgerður er fædd og uppalin á Húsavík, lærði sálfræði við Háskóla Íslands og hefur starfað hjá Lyfju frá árinu 2003.

→ **SÍÐA 8**



SHARP **SJÓÐVÉLAR**

40 ÁR Á ÍSLANDI

ÖRUGGAR OG
ENDINGARGÓÐAR



XE-A147B

8 Vöruflokkar · 200 PLU númer
· Sjálfvirk dagsetning og tími
· Hitaprentun · Rafrænn innri strimill
· Mjög auðveld í notkun
Verð kr. 49.900



XE-A207B

99 vöruflokkar · Allt að 2000 PLU númer · Rafrænn innri strimill 9000 línur · Stór LCD skjár · SD kortarauf – hægt að flytja gögn yfir á PC · Sjálfvirk dagsetning og tími · Hitaprentun · Íslenskur strimill · Mjög auðveld í notkun
Verð kr. 74.900



XE-A307

99 vöruflokkar · Allt að 10,000 PLU númer · SD kortarauf – hægt að flytja gögn yfir á PC · Sjálfvirk dagsetning og tími · Hitaprentun · Íslenskur strimill · Mjög auðveld í forritun
Verð kr. 89.900

ORMSSON

Vaxtaokrið er myllusteinn um háls Íslands

Skjóðan

ÍSLENSK FYRIRTÆKI geta ekki keppt á jafnréttisgrundvelli við erlend fyrirtæki. Á það jafnt við um samkeppni á erlendum mörkuðum og samkeppni á innanlandsmarkaði. Lögjafinn hefur reynt að styrkja samkeppnisstöðu innlendra matvælaframleiðenda gagnvart innflutningi með hvers kyns viðskiptahömlum og tollavernd. Jafnvel hefur verið gengið svo langt að undanskilja einstaka þætti innlendra matvælaframleiðslu almennum samkeppnisreglum.

Sértækar verndaraðgerðir eins og tíðkaðar hafa verið hérlandis í þágu íslensks landbúnaðar leiða til lengdar til stöðunar og loks hnignunar í viðkomandi atvinnugrein auk þess sem viðskiptahömlur og tollamúrur eru ávallt dýrkeypt fyrir neytendur og samfélagið í heild.

GJALDEYRISHÖFT halda íslensku atvinnulífi og heimilum í spennitreyju. Nýfjárfesting er hverfandi og nær ekkert fjármagn kemur frá útlöndum til atvinnu- og gjaldeyris-skapandi fjárfestingar. Það fjármagn sem kemur í gegnum gjaldeyrisleið Seðlabankans rennur aðallega til kaupa á fasteignum og skráðum verðbréfum og stuðlar því að þenslu og eignabólu í haftahagkerfinu án þess að leiða af sér atvinnuskapandi fjárfestingu.

VAXTAUMHVERFI íslenskra fyrirtækja er gerólikt því umhverfi sem fyrirtæki í nágrannalöndum okkar búa við. Á sama tíma og seðlabankar í öðrum löndum halda vöxtum því sem næst í núllinu eru raunvextir á Íslandi gríðarlega háir. Raunvextir verðtryggðra fjárfestingarlána eru algengir á bilinu

6-8 prósent. Nafnvextir óverðtryggðra fjárfestingarlána eru algengir á bilinu 10-12 prósent, sem þýðir 8-10 prósent raunvexti miðað við verðbólgu á þessu ári.

SEÐLABANKINN leggur grunn að þessu vaxtaokri með stýrivöxtum sem eru margfaldir á við það sem þekktist í nágrannalöndunum. Íslenskir bankar lána að sjálfsögðu ekki peninga til fjárfestingar úti í atvinnulífinu nema þeir fái hærri umbun fyrir en þeir geta fengið með því að leggja peningana inn á reikning í Seðlabankanum.

EIN ÁSTÆÐA ÞESS að íslenskur sjávarútvegur blómstrar nú sem aldrei fyrr er sú að sjávarútvegurinn starfar ekki nema að litlum hluta innan hins íslenska hagkerfis. Tekjur hans og

skuldir eru í erlendri mynt og því bítur vaxtaokur krónuhagkerfisins ekki á hann.

Á MEÐAN íslensk fyrirtæki njóta ekki sambærilegra vaxtakjara og aðgengis að fjármagni og fyrirtæki í öðrum löndum, verður ekki um raunverulega endurreisn íslensks atvinnulífs að ræða. Ísland mun halda áfram að dragast aftur úr þeim löndum sem við höfum borið okkur saman við þar til ráðist verður að rótum vandans.

EIN LEIÐ til nýrrar sóknar er að Ísland stefni markvisst að upptöku nýs gjaldmiðils. Þar er skynsamlegast að horfa fyrst til aðildar að ESB og upptöku evru.

SKJÓÐAN er frekju- og leiðindaskjóða, sem lætur ekkert mannlegt sér óviðkomandi.

Gengi félaga í Kauphöll Íslands

4
Á UPPLIÐ
Félög sem hækkðu í verði

7
Á NIÐURLEIÐ
Félög sem lækkðu í verði

3
STÓÐU Í STAÐ
Félög sem stóðu í stað

MESTA HÆKKUN

NÝHERJI
64,4% frá áramótum

NÝHERJI
2,6% í síðustu viku

MESTA LÆKKUN

TM
-25,1% frá áramótum

EIMSKIP
-5,8% í síðustu viku

Aðallisti Kauphallarinnar | Nasdaq OMX Iceland

Félag	Gengi í gær	Frá áramótum	Vikubreyting
Bank Nordic (DKK)	109,00	-16,2%	0,0%
Eimskipafélag Íslands	218,50	-16,6%	-5,8%
Fjarskipti (Vodafone)	32,15	18,0%	-4,2%
Hagar	44,80	16,7%	-0,4%
Icelandair Group	17,65	-3,0%	0,0%
Marel	104,00	-21,8%	-0,5%
N1	18,95	0,3%	0,8%
Nýherji	6,00	64,4%	2,6%
Reginn	14,85	-4,5%	-0,3%
Tryggingamiðstöðin*	24,00	-25,1%	0,8%
Vátryggingafélag Íslands**	8,20	-24,0%	-0,6%
Össur	308,00	34,5%	0,0%
HB Grandi	30,40	9,7%	-2,9%
Sjóvá	11,85	-12,3%	1,2%
Úrvalsvisitalan OMX16	1.152,52	-8,5%	-0,3%
First North Iceland			
Century Aluminum	2.500,00	117,4%	0,0%
Hampiðjan	20,00	50,9%	0,0%
Sláturfélag Suðurlands	1,33	9,0%	0,0%

*fyrsta verð 08. maí 2013 **fyrsta verð 24. apríl 2013

Dagatal viðskiptalífsins

keldan
dagatal viðskiptalífsins

MIÐVIKUDAGUR 22. OKTÓBER

Hagstofan Mánaðarleg launavísitala í september 2014

Hagstofan Vísitala lífeyrisskuldbindninga í september 2014

FIMMTUDAGUR 23. OKTÓBER

Össur hf. Uppgjör þriðja ársfjórðungs

Hagar hf. Uppgjör þriðja ársfjórðungs

FÖSTUDAGUR 24. OKTÓBER

Nýherji hf. Uppgjör þriðja ársfjórðungs

Allar markaðsupplýsingar eru aðgengilegar á vísir

MIÐVIKUDAGUR 29. OKTÓBER

Hagstofan Nýskráningar og gjaldþrot fyrirtækja

Þjóðskrá Hverjir eiga viðskipti með íbúðarhúsnæði?

Tryggingamiðstöðin hf. Uppgjör þriðja ársfjórðungs

FIMMTUDAGUR 30. OKTÓBER

Icelandair Group Uppgjör þriðja ársfjórðungs

VÍS hf. Uppgjör þriðja ársfjórðungs

Gafflar Lauf Forks í verslanir í Ameríku

Íslenska nýsköpunarfyrirtækið Lauf Forks hefur samið um dreifingu á hjólagöfllum til Norður- og Mið-Ameríku. Framkvæmdastjórinn segir samninginn vera stórt skref og mikinn gæðastimpil.

NÝSKÖPUN

Haraldur Guðmundsson | haraldur@frettabladid.is

Lauf Forks hefur samið við bandaríska fyrirtækið QBP um dreifingu á hjólagöfllum nýsköpunarfyrirtækisins í Bandaríkjunum, Kanada, Mexíkó og Mið-Ameríku. QBP selur hjólræðavörur til yfir fimm þúsund verslana.

„Fyrirtækið er stærsti dreifingaradili hjólavarnings í heiminum og nú geta verslanir á lykilmarkaðssvæðum tekið gafflana okkar til sölu á einfaldan hátt. Þetta er því stórt skref fyrir okkur og mikill gæðastimpill,“ segir Benedikt Skúlason, framkvæmdastjóri og einn af eigendum Lauf Forks.

Nýsköpunarfyrirtækið hefur þróað nýja gerð af göfllum fyrir reiðhjól. Þeir eru smíðaðir úr koltrefjum, eru innan við kíló að þyngd og því talsvert léttari en hefðbundnir demparagafflar.

„Við höfum áður gert dreifingarsamninga á ýmsum markaðssvæðum en höfum nú við hakað við stærsta boxið eða Norður-Ameríku,“ segir Benedikt um samninginn við QBP (Quality Bicycle Products).



Á SKRIFSTOFUNNI Bergur Benediktsson, Guðberg Björnsson, Rúnar Ómarsson og Benedikt Skúlason starfa hjá Lauf Forks.

Samningurinn var að sögn Benedikts undirritaður í kjölfar þátttöku Lauf í vörusýningunum Eurobike í Þýskalandi og Interbike í Bandaríkjunum.

„Við erum að bjóða upp á ansi framandi hjólagaffla sem menn eiga við fyrstu sýn erfitt með að ímynda sér að virki almennilega. Það kemur ekkert í staðinn fyrir það að menn prófi gafflana og þarna fengu starfsmenn QBP tækifæri til þess.“

Gafflarnir hafa verið í þróun í tæp fjögur ár. Lauf samdi á síðasta

ári við fyrirtæki sem framleiðir hjól og hjólaíhluti úr koltrefjum og fær nú um tvö hundruð gaffla á mánuði frá Kína.

„Okkar næstu skref verða fólgin í að byggja á þessum samningi og vonandi auka framleiðsluna. Við munum einnig nýta okkur sölunet QBP til að þróa nýjar en keimlíkar vörur. Það stendur okkur einna helst fyrir þrífum í augnablikinu að það hafa ekki nægjanlega margir fengið að prófa gafflana okkar. Nú ætti það að breytast.“

ER ÞITT FYRIRTÆKI Á FLUGI?

Regluleg ferðalög á vegum fyrirtækisins eru oft nauðsynleg. Það getur því borgað sig að gera fyrirtækjasamning við Icelandair.

Njóttu hlunninda fyrirtækjasamningsins. Þar má nefna:

- Sérstakur ferðaráðgjafi hefur umsjón með hverju fyrirtæki.
 - Neyðarnúmer er opið allan sólarhringinn – alla daga ársins.
 - Afsláttur sem Icelandair býður er veittur af öllum fargjöldum á því farrými sem fyrirtæki óska eftir hverju sinni.
 - Hægt er að nálgast nákvæmt viðskiptayfirlit á vefnum.
- + Allar nánari upplýsingar má finna á www.icelandair.is/fyrirtaeki Eins má senda fyrirspurnir á fyrirtaeki@icelandair.is

ICELANDAIR



Föst
mánaðargreiðsla
í allt að þrjú ár

Flotaleiga - minnkar eyðslu

Með Flotaleigu Lýsingar geturðu lágmarkað kostnað við rekstur bílaflota fyrirtækisins

Bílafloti er stór kostnaðarliður í rekstri margra íslenskra fyrirtækja. Flotaleiga Lýsingar er nýr kostur á markaðnum sem gerir fyrirtækjum kleift að leigja bílaflota í stað þess að kaupa. Þannig má auka hagkvæmni, halda ófyrirséðum kostnaði í algjöru lágmarki og gera allar fjárhagsáætlanir fyrirtækisins áreiðanlegri.

**Kynntu þér kosti Flotaleigunnar og
fáðu allar nánari upplýsingar á lysing.is**

- 1 Einbeittu þér að því sem þú gerir best**
Áhyggjulaus rekstur bílaflotans, við stöndum vaktina með þér.
- 2 Þú veist hvað þú greiðir**
Föst mánaðargreiðsla í allt að þrjú ár.
- 3 Sveigjanleiki**
Það er hæðarleikur að breyta samningstíma.
- 4 Þú nýtur stærðarinnar**
Hagkvæmnin sem skapast við stærð Lýsingar skilar sér til þín í lægri greiðslu.
- 5 Nýir bílar nýtast best**
Með nýjum bílaflota nærðu aukinni hagkvæmni í rekstri og minni röskun verður á daglegri starfsemi.
- 6 Einföld verðskrá**
Allur kostnaður við almennan akstur og þjónustu er innifalinn.
- 7 Frábær yfirsýn**
Viðskiptavinir, sem þess óska, fá aðgang að upplýsingum úr ökurita sem auðveldar stýringu og eftirlit með stærri flota.

Ekki á leið í Kauphöllina á næstunni

Kolbeinn Árnason, framkvæmdastjóri LÍÚ, segist ekki vita til þess að fyrirtæki innan sambandsins séu að skoða skráningu á markað. Aukin aðkoma almennings gæti hjálpað greininni að flytja mál sitt. Forstjóri Kauphallarinnar segir það ákveðin vonbrigði hversu hægt miðar í skráningum fyrirtækja í sjávarútvegi.

SVIPMYND

Haraldur Guðmundsson
haraldur@frettabladid.is

„Ég held að það gæti verið spennandi fyrir greinina að fá fleiri eigendur inn en við höfum engar upplýsingar um að sjávarútvegsfyrirtækin séu að skoða skráningu í Kauphöllina,“ segir Kolbeinn Árnason, framkvæmdastjóri Landssambands íslenskra útvegsmanna (LÍÚ), þegar hann er spurður hvort fyrirtæki innan sambandsins séu að skoða skráningu á markað.

„Engu að síður hlýtur að vera spennandi fyrir þessi fyrirtæki að geta verið með eggin í fleiri en einni kórðu, þegar kemur að fjármögnun, og maður myndi horfa á hlutabréfamarkaðinn sem valkost í því. Ég held að það væri einn af stóru plúsumum fyrir þá sem hér sitja að fá fleiri hagadila inn að þessu blessaða borði,“ segir Kolbeinn.

Úr 24 fyrirtækjum í eitt

Greiningardeild Arion banka rifjaði nýverið upp að sjávarútvegurinn var burðarás í uppbyggingu Kauphallar Íslands á tíunda áratugnum og að blómaskeið hans á hlutabréfamarkaði endaði á árunum fyrir hrún. Í Markaðspunktu deildarinnar í lok september var bent á að 24 fyrirtæki í sjávarútvegi voru skráð á markað við síðustu aldamót. Í þeim hópi voru mörg af stærstu fyrirtækjunum innan LÍÚ, eins og Samherji, Vinnslustöðin og Síldarvinnslan, en einnig fyrirtæki sem einungis sinntu fiskvinnslu eða markaðssetningu sjávarafurða.

Aðens eitt fyrirtæki, HB Grandi, er enn í höllinni en í apríl síðastliðnum sagði það skilið við First-North og fór aftur inn á Aðalmarkaðinn.

„HB Grandi ruddi brautina og það er mín niðurstaða að það hljóti eiginlega að gerast á næstu árum að fleiri fyrirtæki skoði þetta alvarlega,“ segir Kolbeinn.

„Sjávarútvegsfyrirtækin hafa styrkst heilmikið frá hrúni. Aflaheimildir hafa verið þokkalegar, markaðsaðstæður finar og veiking krónunnar hefur hjálpað útflutningsgreinunum. Greinin er mjög fjárfrek því það þarf miklar fjárfestingar til að standa undir þessu. Þær eru áberandi miklar núna þannig að þessi fyrirtæki hljóta að vera að leita leiða til að fjármagna sig með einhverjum hætti.“

Ýmsar ástæður

Óvissa um framtíð fiskveiðistjórnunar og veiðigjöldin hafa verið nefnd sem aðalástæðurnar fyrir því af hverju nýskráningarnar hafa ekki verið fleiri en raun ber vitni.

„Það er kannski það sem stendur þessu fyrir þrífum að einhverju leyti en auðvitað er þetta mismunandi eftir fyrirtækjum. Samfélagsleg sjónarmið spila einnig inn í þetta að einhverju leyti og í öðrum tilvikum eru menn jafnvel að hugsa um að halda sinni stjórn yfir fyrirtækjunum, bara eins og gengur,“ segir Kolbeinn og heldur áfram:

„Þetta er einnig að einhverju leyti það að menn eru að komast í gegnum ákveðinn skaf núna sem er skuldsætningin sem kom hart niður á þessum fyrirtækjum eins og öðrum í hrúninu þegar erlendu skuldarnar hækkuðu. Það er að jafna sig núna og ef okkur tekst að klára það og koma fyrir vind þessari umræðu um fiskveiðistjórnunarkerfið og veiðigjöldin, og koma af stað kerfi sem hægt er að vinna eftir til lengri tíma, þá verða uppi aðrar aðstæður í greininni.“

Leið til að koma almenningi inn

Í samantekt Arion banka er einnig rifjað upp að áður var hægt að fylgjast með fréttum af afkomu og horfum greinarinnar í gegnum tilkynningar stærstu sjávarútvegsfyrirtækja landsins til Kauphallarinnar. Almennungur hafi þá haft greiðari aðgang að upplýsingum um gengi greinarinnar í gegnum ársfjórðungs- og aðrar tilkynningar.

„Þetta er ein leið til að koma íslenskum almenningi inn í reksturinn á þessum fyrirtækjum. Fleiri skráningar myndu hjálpa greininni að flytja mál um að þetta séu fyrirtæki sem þurfa að hafa arðsemi á sitt eigið fé og að vera spennandi kostur fyrir eigendur sína. Því fleiri sem hagsmunaaðilarnir eru því líklegri er að fólk fari aftur að horfa á sjávarútveginn sem atvinnugrein en ekki eitthvað annað,“ segir Kolbeinn.


„Tökum sem dæmi sveiflur í afkomu greinarinnar eins og þær þegar loðnukvótinn er ekki jafn stór og menn gerðu ráð fyrir. Þegar fyrirtæki sem eru skráð á markað verða fyrir slíku átta menn sig betur á því hvað við er að eiga þegar þeir sjá gengi bréfa í sínum fyrirtækjum fara upp eða niður.“

Kolbeinn segir fyrirtækin innan LÍÚ spennandi kost fyrir fjárfesta,



FRAMKVÆMDASTJÓRI LÍÚ Kolbeinn Árnason segir fleiri skráningar geta leitt til þess að fólk fari aftur að horfa á sjávarútveginn sem atvinnugrein en „ekki eitthvað annað.“

FJÖLDI SKRÁÐRA SJÁVARÚTVEGSFYRIRTÆKJA Í KAUPHÖLL ÍSLANDS



HEIMILD: GREININGARDEILD ARION BANKA

„Sjávarútvegsfyrirtækin hafa styrkst heilmikið frá hrúni.“

meðal annars vegna þess að þau séu með sínar tekjur meira og minna í erlendra mynt, sem virki sem ákveðin sveiflufjórðun gegn fjárfestingum í fyrirtækjum með tekjur í íslenskum krónum.

„Reyndar er það svo að þetta er ein af fáum greinum á Íslandi sem er eftirsótt af börkum sem vilja lána henni. Við erum að sjá erlenda banka koma inn og hasla sér völl á þessu sviði í samvinnu við íslenska banka.“

VONBRIGÐI HVERSU HÆGT MIÐAR



Páll Harðarson, forstjóri Kauphallarinnar (Nasdaq), segir það ákveðin vonbrigði að nú sex árum eftir hrún sé einungis eitt fyrirtæki í sjávarútvegi í höllinni. „Það kemur þó ekki á óvart vegna þess að óvissan varðandi framtíðarskipan sjávarútvegs mála hefur flækt fyrir skráningunum. Sjávarútvegurinn hefur síðustu ár búið við þessa óvissu og þá var jafnvel ekki æskilegt að huga að þessu. En nú hygg ég að það hafi dregið úr óvissunni og því tel ég að það séu að skapast kjör- aðstæður fyrir þessi fyrirtæki til að koma inn á markað,“ segir Páll.

„Ég held að það sé ekki að vænta mikilla hreyfinga hjá fyrirtækjum í sjávarútvegi á allra næstu mánuðum. Þó eru einhver sjávarútvegstengd verkefni sem eru til skoðunar varðandi skráningu. Til framtíðar lítið finnst mér hins vegar liggja í augum uppi að þessi stærstu sjávarútvegsfélög landsins ættu að vera skráð á markað af mörgum ástæðum. Ég held að þetta yrði afskaplega gott fyrir félögin sjálf þegar fram í sækir, bæði varðandi aðgang að fjölbreyttari fjárfestahópi og svo væri þetta líka geysilega sterk viðbót fyrir hlutabréfamarkaðinn,“ segir Páll.

Gengisþróun er helsta skýring á tapi fjarskiptafyrirtækisins Alterna:

Alterna tapaði 22 milljónum króna

Tap af rekstri fjarskiptafyrirtækisins Alterna nam 22,3 milljónum á síðasta ári, samkvæmt ársreikningi sem skilað var til ársreikningaskrár þann 13. október síðastliðinn. Fyrirtækið rekur almenna talsíma- og internetþjónustu og er í eigu World Cell Inc.

Í ársreikningnum kemur fram að rekstrartap án afskrifta, fjármunatekna og fjármagnsgjalda nemur 9,9 milljónum króna, en afskriftir nema svo um 500 þúsund krónum og því nemur rekstrartapið fyrir fjármagnsliði í heild, eða EBITDA, um 10,4 milljónum íslenskra króna. Mesta tapið er hins vegar vegna gengis-



ALTERNA Fyrirtækið er við Borgartún.

munar en það nemur rúmum tólf milljónum króna. Eignir félagsins nema 8,2 milljónum króna, þar af er stærstur hluti í viðskiptakröfum.

-jhh

Úti- og innimottur á tilboði

– úrval af frábærum mottum í mörgum gerðum og stærðum

Tilboð
Verð frá
2.988 kr.

Rekstrarvörur

- vinna með þér

Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • sala@rv.is • rv.is

Við stöndum vörð um öflug fyrirtæki



Atlantsólía

Með 19 sjálfsafgreiðslu-stöðvum, birgðastöð og fjórum olíubílum er hægt að tryggja aukna samkeppni á eldsneytismarkaði á Íslandi.



Brim

Þrjú afkastamiklir frystitogarar og öflugt starfslíð tryggja Íslendingum hærra útflutningstekjur af gæðahráefni.




Isavia

Það þarf mikil umsvif til að tryggja öryggi á öllum flugvöllum landsins og sjá um nærri 5,5 milljóna km² flugstjórnarsvæði.



Landsbankinn

Stærsta fjármálafyrirtæki á Íslandi með víðtækasta útibúanetið tryggir trausta og alhliða fjármálaþjónustu um allt land.



Hér er góður staður fyrir þitt fyrirtæki



Landsvirkjun

Stærsta fyrirtæki landsins í orkuvinnslu vinnur 73% allrar raforku innanlands til að tryggja fólki og fyrirtækjum rafmagn.



Marel

Eitt af stærstu útflutningsfyrirtækjum Íslands tryggir markaðnum hugvitsamlegar lausnir til vinnslu matvæla.



RÚV

Til að tryggja landsmönnum fréttir, skemmtun og fróðleik þarf fjölda starfsmanna, tæknibúnað og húsnæði.



Össur

Rannsóknir og nýsköpun styrkja stoðir atvinnulífsins með framleiðslu sem tryggir að fólk geti staðið á eigin fótum.

Traustsins verðir

Vörður nýtur trausts hjá öflugum íslenskum fyrirtækjum og stofnunum. Áhersla okkar á einföld og þægileg viðskipti er nokkuð sem fyrirtæki af öllum stærðum og gerðum kunna að meta.

Hafðu samband og fáðu tilboð í tryggingar þíns fyrirtækis.



STÝRA GLITNI Páll Eiríksson og Steinunn Guðbjartsdóttir hafa setið í slitastjórn Glitnis allt frá því að Héraðsdómur Reykjavíkur skipaði hana vorið 2009 í samræmi við lög um slitameðferð fjármálafyrirtækja.

Átta milljarðar í rekstrarkostnað gömlu bankanna á hálfis árs tímabili

Samanlagður rekstrarkostnaður gömlu bankanna nam átta milljörðum króna á fyrri helmingi árs. Kostnaðurinn skýrist að stærstum hluta af kaupum á lögfræðipjónustu og annarri sérfræðipjónustu. Greiðslur til starfsmanna og slitastjórnarmanna eru einnig háar. Ólíklegt er að slitameðferð ljúki í fyrirsjáanlegri framtíð.

ÚTTEKT

Jón Hákon Halldórsson
jonhakon@frettabladid.is



Rekstrarkostnaður slitastjórna föllnu bankanna þriggja nam á fyrri helmingi ársins 2014 samtals átta milljörðum íslenskra króna. Þetta má lesa út úr árshlutauppgjörum þeirra.

Glitnir greiddi 2,69 milljarða, Kaupþing 2,66 milljarða og LBI (gamli Landsbankinn) greiddi 2,62 milljarða króna. Rekstrarkostnaður bankans minnkaði um níu prósent. Þar af dróst launakostnaður saman um 37 prósent en lögfræðikostnaður sem er keyptur utan Íslands jókst um 81 prósent milli fjórðunga.

LBI hefur markvisst dregið úr kostnaði við starfsemina að undanfögnu. Skrifstofum í Amsterdam verður lokað áður en árið er á enda og verður erindum í Amsterdam sinnt frá Reykjavík. Þá kemur fram að verið sé að draga úr kostnaði við rekstur á skrifstofunni í Lundúnum og hagræðing þar mun halda áfram í ár og á næsta ári. Jafnframt kemur fram að verið sé að reyna að draga saman í rekstrarkostnaði á skrifstofunni í Reykjavík og starfsmönnum þar hafi fækkað. Starfsmönnum Kaupþings og LBI hefur einnig fækkað verulega frá því að slitastjórnirnar tóku fyrst til starfa.

Í öllum tilfellum er stærsti kostnaðarliðurinn aðkeypt lög-

fræðiráðgjöf og önnur aðkeypt ráðgjöf. Glitnir greiddi 555 milljónir króna fyrir lögfræðiráðgjöf á fyrri helmingi ársins sem er um 110 milljónum meira en á sama tímabili í fyrra. Kaupþing greiddi 570 milljónir fyrir sambærilega lögfræðiráðgjöf en það er 635 milljónum minna en á sama tíma í fyrra. Landsbanki Íslands greiddi aftur á móti 1.131 milljón fyrir lögfræðiráðgjöf en það er aukning um tæplega 200 milljónir króna.

Kostnaður við aðra aðkeypta sérfræðiráðgjöf er einnig drjúgur, nam tæpum 1.100 milljónum hjá Glitni á fyrri helmingi ársins, 827 milljónum króna hjá Kaupþingi og 328 milljónum hjá Landsbanka Íslands. Þá telur launakostnaðurinn einnig drjúgt en samanlagt greiddu þessir bankar 1.853 milljónir króna í laun og launatengd gjöld vegna starfsmanna sinna á fyrri helmingi ársins. Þar með eru ekki taldar tekjur slitastjórnarmanna. Glitnir greiddi slitastjórnarmönnum sínum 91 milljón í tekjur á fyrstu sex mánuðum ársins, slitastjórnarmenn Kaupþings fengu 103 milljónir en ekki er tekið fram í ársreikningi LBI hvað slitastjórnarmennirnir fengu greitt.

Greiðslur til slitastjórna gagnrýndar

Háar greiðslur til slitastjórnarmanna hafa reyndar orðið tilefni til gagnrýni. Til að mynda sagði ritstjóri Tímarits lögfræðinga í ritstjórnarpistli rétt fyrir síðustu áramót að þær greiðslur sem lög-

„Það er vandamál hjá okkur að við getum ekki úthlutað lausu fé, þar með talið andvirði seldra eigna, til kröfuhafanna. Við þurfum að veða og meta hvenær er besti tíminn til að selja eignir.“

fræðingar í slitastjórnnum fá frá kröfuhöfum föllnu bankanna kölluðu á skýringar.

Hann vakti athygli á að samkvæmt kröfuhafaskýrslu vegna Kaupþings frá 20. nóvember í fyrra mun hver og einn slitastjórnarmeðlimur hafa rukk að 32.500 krónur fyrir hverja vinnustund, án virðisaukaskatts. Þeir tveir meðlimir slitastjórnarinnar sem eru með hæsta endurgjaldið eru að meðaltali 184-188 tíma á mánuði ásamt því að sinna öðrum krefjandi störfum samhliða. Sagði Hafsteinn að ekki væri hægt að bera þessar greiðslur til slitastjórnarmanna saman við greiðslur til lögmanna í fjármálahverfinu City í Lundúnum. Íslenskir lögfræðingar þyrftu að miða við íslenskan raunveruleika.

VANDI VARÐANDI ARÐGREIÐSLURNAR

Greint hefur verið frá því að stefnt er á tvöfalda skráningu Íslandsbanka á hlutabréfamarkaði, hér á landi og annaðhvort á Norðurlöndunum eða í London.

Í viðtali Bloomberg-fréttaveitunnar við Jón Guðna Ómarsson, fjármálastjóra bankans, segir hann að erlent hlutabréfaútbod myndi gagnast núverandi eigendum bankans sem vilji selja en séu ekki langtímaeigendur bankans. Fjármagnshöftin skapi þó enn vanda.

„Áður en við getum farið í útbodid verðum við að vera viss um að geta greitt út arð í erlendum gjaldeyri,“ segir Jón Guðni. „Það þarf að vera alveg skýrt frá hendi Seðlabankans að við munum hafa þennan sveigjanleika þar sem það mun veita fjárfestum öryggi um að greiddur verði út arður af fjárfestingunni í framtíðinni.“

Spurð að því hvort tvíhliða skráning geti farið fram áður en breytingar hafi verið gerðar á lögum um fjármagnshöft, segir Steinunn Guðbjartsdóttir: „Verið er að vinna að sölu á bankanum. Vissulega skipta fjármagnshöft máli í því sambandi.“

Hægir á sölu eigna

Þótt slitabúin séu markvisst að minnka starfsemi sína og draga úr kostnaði eru ekki vísbendingar um að slitameðferðinni ljúki í fyrirsjáanlegri framtíð. Í skýrslu fjármálastöðugleikasviðs Seðlabanka Íslands segir þvert á móti að vísbendingar séu um að slitabú föllnu bankanna haldi að einhverju leyti að sér höndum við að umbreyta eignum í laust fé. Þetta skiptir máli í ljósi þess að slitameðferðin snýst fyrst og fremst um að hámarka virði eigna, umbreyta þeim í laust fé og greiða það kröfuhöfum að lokum.

Seðlabankinn skýrir þessa þróun á þann hátt að vegna fjármagnshaftanna hafi gengið illa að greiða út úr búunum til kröfuhafa. Búin geti því metið það sem svo að það þjóni hagsmunum þeirra

Rekstrarkostnaður á fyrri helmingi árs*

	2014	2013
Glitnir	2,69	2,41
Kaupþing	2,66	2,86
LBI	2,62	2,80

*milljarðar

betur að geyma féð í eignum í stað þess að geyma það laust inni á innlánsreikningum.

Hvorki talsmenn Kaupþings, Glitnis né LBI vildu svara Fréttablaðinu spurningum um það hverjar helstu eignir viðkomandi banka eru í dag, en vísuðu í opinberar upplýsingar um það. Þar er á litlu að byggja.

„Það er vandamál hjá okkur að við getum ekki úthlutað lausu

FÓLK

KYNNINGARBLAÐ

FERÐAMENN EFTIR ÞJÓÐERNI

Flestir ferðamenn sem fóru um Keflavíkurflugvöll sumarið 2013 komu frá Bandaríkjunum (16,1%), þá Þýskalandi (13,2%), Frakklandi (8,5%), Bretlandi (7,9%), Danmörku (5,4%), Noregi (5,4%), Svíþjóð (4,3%), Ítalíu (3,3%), Hollandi (3,2%) og Spáni (3,1%).



NÝKOMIÐ

teg TONI
- mjög haldgóður og flottur í stærðum 75-95 DEF á kr. 7.995
- buxurnar á kr. 3.995

Misty - fyrir allar konur

Laugavegi 178 - Sími: 551 3366
Þú mætir - við mælum og aðstoðum
www.misty.is
Opíð frá 10-18 virka daga
Laugadag opíð frá kl 10-14

Vertu vinur



GOTT ÁLEGG
Laufey segir hummus njóta sívaxandi vinsælda ofan á brauð og í salöt.

HUMMUS ER GÓÐUR KOSTUR

SÓMI KYNNIR Hummus er frábært sem álegg, ídýfa og meðlæti. Upplagt til að auka hlut grænmetis í mataræði og er að auki glúten-, mjólkur- og eggjalaust.

Aldalöng hefið er fyrir hummus í Mið-Austurlöndum og er það hluti af Miðjarðarhafsmataræði sem margir telja vera mjög heilsusamlegt,“ segir Laufey Sigurðardóttir næringarrekstrarfræðingur.

Sómi setti hummus á markað fyrir um tveimur árum og hafa vinsældir þess farið sívaxandi á þessum tíma. „Hummus er að mestu úr kjúklingabaunum, þær eru maukaðar og blandað við þær tahini, sem er mauk úr sesamfræjum, sólþurrkuðum tómötum, sítrónusafa og ólífuolíu,“ lýsir Laufey. Hún segir hummus því góðan valkost. „Í hummusi er prótein, kalk og einómettaðar fitusýrur. Þá er það einnig glútenlaust, hnetulaust, án eggja og mjólkurvara.“

Laufey segir hummus upplagt fyrir þá sem vilja auka hlut grænmetis í mataræðinu. Þá sé hummus einnig afar

finn próteingjafi fyrir grænmetisætur.

Hummus er mjög bragðgott og gefur ýmsa möguleika. „Algengast er að nota það ofan á brauð,“ segir Laufey og mælir með því að smyrja hummusi á tvær grófar brauðsneiðar, setja ferska papriku og salatblöð á milli.

Þá má nota hummus í æði margt annað. Laufey nefnir sem dæmi að hummus sé mjög fín ídýfa með gulrótum, kexi eða hverju sem er. „Hummus má líka nota í vefjur og svo er það mjög góður próteingjafi í salatbakknum og fínt að skipta út til dæmis kjúklingnum fyrir hummus.“

Verðið á hummus frá Sóma er mjög sambærilegt við önnur salöt frá fyrirtækinu. „Hummus er framúrskarandi valkostur í skólamentið, í vinnuna eða gönguferðina.“



Hugsaðu vel um fæturna
Hágæða skófatnaður í hálfra öld



BIRKENSTOCK
Made in Germany • Tradition seit 1774

Teg: ARISONA Stærðir: 35 - 48

Verð: 12.885.-

Misty skór
Laugavegi 178

Erum á facebook

Sími 551 2070

Opíð:
Mán - Fös: 10:00 - 18:00
laugard: 10:00 - 14:00



Ingólfur G. Gissurarson Everestfari:
Ég komst á toppinn með Nutrilenk Gold.



Ragnheiður Garðarsdóttir leikskólakennari:
Verkir í mjöðm voru hreint helvíti á jörð en ég öðlaðist nýtt líf með Nutrilenk Gold.

NUTRILENK
GOLD



Vertu laus við
LÍÐVERKINA



Guðmundur Einarsson framkvæmdastjóri Golfklúbbs Sandgerðis
Ég mæli hiklaust með Nutrilenk Gold fyrir þá sem vilja fara golfhringinn verkjalausir.



Nancy Georgsdóttir, þriggja barna móðir:
Ég var með stöðuga verki vegna grindargliðunar um árabíl. Eftir aðeins 6 daga notkun á Nutrilenk Gold fór ég að finna fyrir bata.

Útsölustaðir: flest apótek, heilsubúðir og heilsuhillur störmarkaða og verslana.

www.gengurvel.is

FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal** | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**
Sölumenn: **Bryndis Hauksdóttir**, bryndis@365.is, s. 512 5434
Kolbeinn Kolbeinsson, kkolbeins@365.is, s. 512 5447

NÝ SENDING! AF VINSÆLU KULDASKÓNUM MEÐ MANNBRODDUNUM



OLANG

B/A/S/L/E/R

Skipholti 29b • S. 551 0770



Birtingur treystir okkur fyrir öruggri dreifingu á Júlíu

Póstdreifing

Póstdreifing | Vatnagördum 22 | 104 Reykjavík | Sími 585 8300 | www.postdreifing.is

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is



S A F T



BJÖRGUN Í SNJÓ
Mosabjörgunarfólkid lét snjóinn ekki aftra sér.



SÚRMJÓLKURMOSI Magnea blandar stundum mosa við súrmjólk til þess að hann festist betur við undirlagið.



MOSABJÖRGUN Mosanum var mokað á jarðvegsdúka og hann var síðan fluttur í frystigám til geymslu fram á vor. Þá verður mosinn notaður til að græða upp svæðið á ný eftir að framkvæmdum lýkur.

BJARGA MOSA AF HELLISHEIÐI

LANDGRÆÐSLA Síðustu helgar hafa björgunarsveitir og fleiri hópar unnið að því að tína mosa á Hellisheiði og frysta. Orka náttúrunnar stendur fyrir verkefninu sem er hluti af landgræðsluáætlun fyrirtækisins.

Við erum að byrja á framkvæmd sem snýst um að tengja gufuholurnar í Hverahlíð við Hellisheiðarvirkjun. Í því verkefni sem og öllum öðrum reynum við að halda til haga gróðurþekjunni sem við nýtum svo til að ganga frá annaðhvort eftir viðkomandi verkefni eða á öðrum röskuðum svæðum," segir Magnea Magnúsdóttir landgræðslustjóri hjá Orku náttúrunnar. Oftast eru notaðar vélar til verksins en sums staðar er undirlagið óslétt og mosaþekjan þunn. „Því vantaði okkur hendur til að safna mosanum. Mér datt í hug að bjóða björgunarsveitum að gera þetta í fjáröflunarskyni," segir Magnea. Þrjár björgunarsveitir hafa komið að verkinu ásamt hópi nemenda úr Landbúnaðarháskólanum og úr hjúkrunarfræði.

300 FERMETRAR AF MOSA

„Þetta var heilmikið verkefni. Sérstaklega fyrri helgina þegar snjóað hafði nóttina áður, en við náðum samt heilmiklum mosa og dustuðum bara snjóinn af. Seinni helgina gekk þetta ótrúlega vel. Við skófluðum mosanum með göfflum upp í jarðvegsdúk, fluttum hann í frystigám og náðum að fylla hann," segir Magnea glaðlega en hún býr nú að því að eiga 300 fermetra af mosa sem hún getur notað til uppgræðslu. „Þessir 300 fermetrar nýtast á mun stærra svæði því mosinn getur nýst í uppgræðslu á margfalt stærra svæði," segir Magnea.

Mosinn í gámnum bíður nú vors. „Þegar búið er að ganga frá svæðinu við Hverahlíð ætlum við að nota þennan mosa til að leggja í svæðin og endurheimta þannig mosaþembuna.“

MOSABLÖNDUÐ SÚRMJÓLK TIL LANDGRÆÐSLU

Magnea lærði landgræðslufræði í Landbúnaðarháskóla Íslands og lagði áherslu á endurheimt mosaþembu. „Mosinn er

þrautseigur og vex við mjög erfiðar aðstæður. Hann hefur ekkert eiginlegt rótakerfi heldur aðeins rætlinga sem festa sig við yfirborðið og því þolir hann þessa meðferð að vera rifinn upp og frystur," segir Magnea og greinir frá því að á Suðurskautslandinu hafi fundist mörg þúsund ára mosi sem hafði lifað frosinn í ísnum.

Hún hefur sjálf gert ýmsar tilraunir. „Í skólanum tindi ég mosa og geymdi í frystikistunni heima í átta mánuði. Þegar ég tók hann út var hann lifandi," segir Magnea sem í M.Sc-verkefni sínu skoðaði hvernig hægt væri að dreifa mosa og nýta í landgræðslu. Hún hafði séð á bandarískri garðyrkjusíðu aðferð til að gera steina gamla í útliti. „Það var gert með því að moka á þá mosa sem blandaður hafði verið í svokallaða buttermilk.“ Magnea datt þá í hug að nota súrmjólk hér heima. „Í mastersverkefni mínu prófaði ég að blanda mosa í súrmjólk til að græða mosa á moldarundirlag. Moldin getur nefnilega verið erfið þar sem mikil hreyfing er á henni og mosinn á erfitt með að festast við hana. Súrmjólkinn gerði yfirborðið stöðugra, klessti mosann við moldina og var auk þess fín næring," lýsir Magnea. Þessi aðferð hefur síðan verið notuð nokkuð í landgræðsluverkefnum Orku náttúrunnar.

„Ég keypti súrmjólk hjá MS í þúsund rúmmetra vís. Þeir spurðu mig hvort ég væri að reka sumarþúfir," segir hún glettin.

MIKIL VERÐMÆTI Í MOSA

Enn er nokkur mosi eftir á framkvæmdasvæðinu á Hellisheiði og stefnt er að því að fara í frekari aðgerðir til að bjarga honum. „Það liggja mikil verðmæti í mosa. Þetta eru eldgamlar plöntur sem vaxa mjög hægt og alveg þess virði að leggja smá pening í að bjarga honum," segir Magnea. **■ solveig@365.is**

RANNSAKAR MOSANN

„Í mastersverkefni mínu prófaði ég að blanda mosa í súrmjólk til að græða mosa á moldarundirlag. Moldin getur nefnilega verið erfið þar sem mikil hreyfing er á henni og mosinn á erfitt með að festast við hana. Súrmjólkinn gerði yfirborðið stöðugra, klessti mosann við moldina og var auk þess fín næring.“

NÝBÝLAVEGSGLEÐI



ALLAR VERSLANIR OG FYRIRTÆKI VERÐA MEÐ OPIÐ TIL KL. 22 Á FIMMTUDAGSKVÖLD

Kynningarblað



Uppbygging við Nýbýlaveg hefur verið blómleg undanfarið ár. Á morgun halda mörg fyrirtækjanna upp á eins árs afmæli sitt og opið er til kl. 22.

MYND/VIGNIR MÁR

Spókaðu þig á Nýbýlavegi

Mikil gleði mun ríkja við Nýbýlaveg á morgun þegar verslanir og fyrirtæki sem þar eru staðsett halda upp á eins árs afmæli sitt. Boðið verður upp á veitingar og tónlist og fjölmörg tilboð og afslætti. Allar verslanir og fyrirtæki verða með opið til kl. 22.

Mikil uppbygging hefur átt sér stað við Nýbýlaveg undanfarið ár þar sem fyrirtækið Toyota hafði lengi aðsetur. Eftir flutning fyrirtækisins losnaði um mikið rými og hafa margar sérverslanir, smærri fyrirtæki og veitingastaðir verið opnuð við Nýbýlaveg 2-12. Meðal þeirra sem reka fyrirtæki við Nýbýlaveg eru þær Svava Grímsdóttir og Heiðrún Björk Jóhannsdóttir sem reka saman hönnunarhúsið Ræmuna. Þær höfðu frumkvæði að því að setja á fót sérstaka Nýbýlavegsgleði sem haldin verður á morgun, fimmtudag, enda fannst þeim upplagt að fagna góðum árangri og vekja enn frekari athygli á þeim fjölda sem komið hefur sér fyrir á Nýbýlaveginum. „Verslanir og þjónustufyrirtæki munu hafa opið til kl. 22 á morgun, fimmtudag, og boðið verður upp á fjölda tilboða og afslátt af vörum og þjónustu auk veitinga og tónlistar. Flest fyrirtækin hér hafa starfað í eitt ár

og ný og spennandi fyrirtæki eru að bætast í hópinn. Í dag má finna hér verslanir, veitingastaði, bólstrara, snyrtistofu, fasteignasölu og margt fleira. Við munum fagna hér fram á kvöld með skemmtilegri götustemningu og vonumst til þess að sjá sem flesta.“

Fyrirtæki þeirra, Ræman Íslensk hönnun, mun bjóða upp á tískusýningu í Portinu þar sem sýnd verður ný hönnun frá vörumerkjunum Evuklæðum og Ísafold. Auk þess verða Oroblu-sokkabuxur kynntar og lokkandi tilboð verða á vörum í versluninni. Boðið verður upp á ljúfa tóna frá DJ Þuru Stínu sem er að þeirra sögn meðal flottustu ungu kvenplötusnúða á Íslandi í dag og kaffi og súkkulaði verður í boði Karls K. Karlssonar.

Margt í boði

Sérverslunin Fylgifiskar mun bjóða gestum að smakka á veitingum auk þess sem hægt verður að kaupa gómsæta og guðdóm-

lega fiskrétti hjá þeim við Nýbýlaveg 4. TOKYO SUSHI, sem er á Nýbýlavegi 4, býður upp á smakk á ýmsum ljúffengum réttum auk þess sem boðið verður upp á skemmtilega tilboðsbakka.

Líkamsræktarstöðin SPARTA er til húsa á efri hæð Nýbýlavegs 6. Boðið verður upp á tilboð á eins og þriggja mánaða kortum, gestum verður boðið í blóðþrýstingsmælingu og hreyfigreiningu auk þess sem skorað verður á gesti að taka einnar mínútu hreyfiáskoruninni.

Kaffihúsið Kaffitár býður upp á ilmandi kaffi og meðlæti fyrir eyru og bragðlauka. Dásamlegar eftirréttu „smá“-kökur verða í boði og veittur er 20% afsláttur af súrdeigsbrauði. Nú heimar, skartgripahönnuðir og þúsundþjalasmiðir, opna sína eigin skemmtilegu vinnustofu og bjóða einnig gestum upp á léttar veitingar.

Strákarnir í Bílasprautun Auðuns bjóða bíleigendum upp á tjonaskoðun og blómabúðin í Port-

inu býður frábær opnunartilboð og dásamlega stemningu. Verslunin Zo-on verður með vörur sínar á Factory Store-verði sem er sama verð og í „outlet“-verslun þeirra. Boðið verður upp á allt að 80% afslátt af eldri vörum. Leiðbeinendur frá Herbalife Center verða á ferðinni og bjóða heppnum gestum frítt lífsstílsmat.

Veitingastaðurinn Serrano ætlar að vera með meistaramánadartilboð og bjóða upp á fáránlega ferskt LKL-salat og hressandi Kristal á 1.300 krónur á Nýbýlavegi. Auk þess mun víetnamski veitingarstaðurinn Nam bjóða upp á bragðgóðan Brío og níu „dumplings“ með bragðmiklum sósam á 1.990 kr.

„Því ættu allir að finna eitthvað við sitt hæfi. Gatan mun iða af lífi og allt verður löðrandi í tilboðum. Matur, tíska, hönnun og heilsa! Hvað er hægt að biðja um meira? Nánari upplýsingar eru á Facebook undir Götugleði á Nýbýlavegi.“



Svava Grímsdóttir og Heiðrún Björnsdóttir áttu frumkvæðið að hátíðinni á morgun.

MYND/VALLI



**BÍLASPRAUTUN OG RÉTTINGAR
AUFUNNS**

Nýbýlavegi 10.

Réttum og málum allar tegundir bíla

SIÓVÁ  vörður 

★ **GÆÐAVOTTAD VERKSTÆÐI** ★

www.bilasprautun.is

  554 2510

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is




Alls kyns góðgæti hjá Fylgifiskum

Ný verslun Fylgifiska var opnuð að Nýbýlavegi 4 í desember á síðasta ári. Versluninni var strax vel tekið og hún á marga fasta viðskiptavini. Mikil gleði verður hjá Fylgifiskum á morgun og hægt að smakka ýmislegt góðgæti.

Guðbjörg Glóð Logadóttir, annar eigandi Fylgifiska, segir að viðskiptavinir á Nýbýlavegi komi víða að. „Við sjáum mikið af nýjum andlitum og erum mjög ánægð með staðsetninguna og mót-tökurnar,“ segir hún. Boðið er upp á heitan mat, fisk og súpur í hádeginu sem margir nýta sér.

„Í versluninni bjóðum við upp á ýmsa fiskrétti, ferskan fisk og margvíslegt meðlæti. Við erum með á bilinu tuttugu til þrjátíu tegundir af réttum á hverjum degi. Einstaka réttir hafa náð miklum vinsældum og fólk kemur aftur og aftur til að kaupa þá. Ég get nefnt sem dæmi marokkó-löngu, sesambleikju, tandoori-steinbít og pistasíuporsk. Bollurnar okkar eru líka mjög vinsælar. Fólk finnst þægilegt að koma við og kaupa mat sem er tilbúinn beint í ofninn. Ekki sakar að þetta eru hollir og bragðgóðir réttir. Sumir kaupa smávægis af nokkrum réttum til að smakka,“ segir Guðbjörg.

Hún segir að lögð sé mikil áhersla á gæði vörunnar. „Fiskurinn er nýr og ferskur. Allt grænmeti og krydd sem við notum eru sömuleiðis gæðavörur sem við vöndum valið á. Allir réttirnir eru gerðir frá grunni hjá okkur. Við setjum allan fisk á



Það verður mikið fjör hjá Fylgifiskum á morgun á Nýbýlaveginum.

MYNDVERNIR

ljósaborð til að tryggja að viðskiptavinir fái sem bestu vöru.“

Hjá Fylgifiskum er boðið upp á heitar tilbúnar súpur fyrir einstaklinga og hópa. Guðbjörg segir að súpunar hafi slegið í gegn. „Það er vinsælt að taka með sér tilbúna, góða súpu heim. Við erum með tvær tegundir af fiskisúpum, austurlenska og ítalska. Einnig erum við með humarsúpu sem er rjómalöguð og koníaksbætt. Súpunar eru seldar í eins lítra fötum fyrir einstaklinga en í stærri umbúðum fyrir hópa,“ segir Guðbjörg og bætir því við að undirbúningur fyrir jólin fari brátt að hefjast. Boðið verði upp á ýmislegt góðgæti eins og innbakaðan lax

og síldarrétti. „Við verðum líka með aðventubakka sem fólk getur grip-ið með sér en á þeim verður blanda af reyktum laxi, síldarréttum og fleiru,“ segir hún.

Opið er í Fylgifiskum alla virka daga til 18.30 en til kl. 14 á laugardögum á Nýbýlavegi. Hægt er að skoða úrvalið á heimasíðunni fylgifiskar.is og einnig á Facebook.

Í tilefni götuhátíðar á Nýbýlaveginum á morgun verður opið til kl. 22 hjá Fylgifiskum og 10% afsláttur veittur á öllum fiskréttum, meðlæti og súpum. Að auki verður boðið upp á alls konar smakk, vínkynningu og lukkupott að ólgeymdri málverka-sýningu Marteins Bjarnar.

DOMUS **NOVA**

Fyrir Kópavogsbúa..... Fasteignasala



DOMUS **NOVA**
Fasteignasala

Domusnova Nýbýlavegi 8. 2. hæð Sími 527-1717
www.domusnova.is

www.domusnova.is

www.domusnova.is

Spennandi uppbygging rétt að byrja

Gríðarleg uppbygging hefur átt sér stað á Nýbýlavegi í Kópavogi síðastliðið ár. Áshildur Bragadóttir framkvæmdastjóri Markaðsstofu Kópavogs segir Nýbýlaveg og svæðið þar í kring ekki aðeins þjóna íbúum Kópavogs heldur höfuðborgarþéttbýlum öllum. Fjöldmörg tækifæri felast í frekari uppbyggingu á svæðinu sem liggur á miðju höfuðborgarsvæðisins.

Nýbýlavegur er í mikilli nálægð við eina fjölförnu stofnbraut höfuðborgarsvæðisins og í raun má segja að gatan sé í miðju þess,“ segir Áshildur Bragadóttir, framkvæmdastjóri Markaðsstofu Kópavogs um gríðarlega uppbyggingu á Nýbýlavegi.

Hún segir svæðið ekki bara þjóna Kópavogsþéttbýlum heldur höfuðborgarþéttbýlum öllum. Eftir að Bónus opnaði verslun á Nýbýlavegi hafi önnur fyrirtæki beint sjónum að svæðinu og á rúmu ári hafi afar fjölbreytt og skemmtileg flóra fyrirtækja sprottið upp. Eftirspurn sé meiri en framboðið eftir húsnæði.

„Við á Markaðsstofunni fylgjumst vel með uppbyggingunni og höfum unnið að því með hagsmunaaðilum á svæðinu að laða að áhugaverð fyrirtæki,“ segir Áshildur.

„Öflug fyrirtæki eru nú staðsett við Nýbýlaveg, eins og Fylgiskar, Lyfja og Kruderi Kaffitárs og þá færði Zo-On sig frammar á Nýbýlaveginum, en fyrirtækið hefur verið með rekstur um árabíl á Nýbýlaveginum. Þarna eru fjöldmörg smærri fyrirtæki, blómabúð, bólstrari, vinnustofur hönnuða og þúsundþjalasmiða, auk líkamsræktarstöðvar, bílaverkstæðis og fasteignasölu. Að ógleymdum veitingastöðunum sem draga til sín stóran hóp viðskiptavina en við Nýbýlaveg eru til dæmis austurlenski veitingastaðurinn Nam, Serrano og Tokyo Sushi. Þá hefur eftirspurn eftir atvinnuhúsnæði í Auðbrekku snaraukist, eftir að ráðist var í skipulagsbreytingar á svæðinu og á umferð frá Hafnarfjarðarveginn nú greiða leið inn á Nýbýlavegin.“

Áframhaldandi uppbygging

Áshildur segir fjöldmörg tækifæri til frekari uppbyggingar á svæðinu. „Við sjáum fyrir okkur að svæðið frá Nýbýlavegi og upp í Auðbrekku og Hamraborg muni eflast mikið á næstu misserum. Þarna eru tækifæri til uppbyggingar í tengslum við háskólasvæðið en frá Nýbýlavegi er góð göngu- og hjólaleið í Háskólann í Reykjavík og stutt er í góðar almenningssamgöngur við Hamraborg. Þarna gætu tild dæmis risið glæsilegar námsmannaíbúðir og vel má hugsa sér uppbyggingu Listaháskólans við Nýbýlaveg, í góðir tengingu við þriðju stærstu menningarstofnun landsins, Gerðarsafn, og ágætis nálægt við háskólasvæðið í Vatnsmýrinni, Ferðamannastraumurinn er einnig alltaf að aukast hingað til lands og tel ég aðeins tímaspursmál hvenær fleiri gistirými byggjast upp á þessu svæði. Frá Nýbýlavegi er nálægð við útvistarsvæði, almenningssamgöngur, sundlaug, menningarstofnanir og svo er öll þjónusta til staðar á svæðinu. Héðan er heldur ekki lengi verið að hjóla niður í miðbæ Reykjavíkur, gegnum fallett umhverfi. Það er því aðeins tímaspursmál hvenær þarna verður komin enn þéttari byggð verslunar og þjónustu og stefni í að Nýbýlavegurinn og nærumhverfi verði eitt öflugasta atvinnusvæði landsins.“

Áshildur Bragadóttir, framkvæmdastjóri Markaðsstofu Kópavogs, segir spennandi tíma fram undan á Nýbýlavegi.
MYND/KÓPAVOGUR



Lundur - Verslunar og þjónustukjarni

Vantar þig húsnæði fyrir þinn rekstur?



Einstök staðsetning, næg bílastæði og greið aðkoma í ört vaxandi íbúðar, þjónustu og verslunarkjarna!

DOMUSNOVA
Fasteignasala

Nýbýlavegi 8 - 200 Kópavogi // Sími: 527 1717 // domusnova.is

LUNDUR
FASTEIGNAFÉLAG



Einar Hannesson
HdL., Löggiltur
fasteignasali.

Sverrir Einar
Eiríksson

Allar nánari upplýsingar
veitir Sverrir og Einar
í síma: 661-7000



Allt í versluninni er hannað og saumað á staðnum.

MYND/GVA

Lítill og krúttleg búð full af góssi og gersemum

Ræman er lítill og spennandi búð á Nýbýlavegi sem enginn má láta fram hjá sér fara. „Við Svava Grímsdóttir, rekum saman lítið hönnunarverkstæði og verslunina Ræmuna sem býður upp á fallegan kvenfatnað, tösukur, hálsmen og fylgihluti úr leðri, selskinni og gæru,” segir Heiðrún Björk Jóhannsdóttir, eða bara Heiða. Einnig er boðið upp á ljósakrónur og púða úr íslenskri gæru í Ræmunni en allt er hannað og saumað á staðnum og því um alíslenska hönnun og framleiðslu að ræða.

Svava hefur hannað fatnað undir merkinu Evuklæði í rúm tíu ár og Heiða undir nafninu Ísafold síðan 2009. „Hér er ekki fjöldaframleiðsla á ferð heldur eru flíkurnar framleiddar í fáum eintökum og sama má segja um flesta fylgihlutina. Heiða endurnýtir mikið leðurfatnað í tösukur og skart og eru tösukurnar margar gerðar úr leðurjökkum, pilsum og buxum og verða því oftast engar tvær tösukur eins,” segir Svava.

Ræman – Evuklæði og Ísafold fagna nú í október eins árs afmæli sínu. „Af því tilefni ætlum við að hafa opið til klukkan tíu annað kvöld, fimmtudaginn 23. október. Þar munum við bjóða upp á afmælistilboð, léttar veitingar, kynningu á Oroblu-sokkabuxum og svo ætlar Karl K. Karlsson að bjóða gestum og gangandi upp á ilmandi Lavazza-kaffi og Lindor-súkkulaði í búðinni okkar, Ræmunni,” segir Heiða. Svava bætir við að aðalatriðið sé samt tiskusýningin. „Hún verður haldin í listagalleryinu í Portinu við Nýbýlaveg 8. Þar mun DJ Þóra Stína spila undir með flottri tónlist og halda uppi stuðinu og hægt verður að sjá allt það besta sem við erum að bjóða upp á.



Í versluninni fæst fallegur kvenfatnaður, tösukur, hálsmen og fylgihluti úr leðri, selskinni og gæru. Sömmuleiðis ljósakrónur og púðar úr íslenskri gæru.



Glæsileg verslun Zo-on að Nýbýlavegi 6 var opnuð fyrir ári. Opið verður til klukkan 22 á morgun og léttar veitingar í boði.

Fjölbreytt vöruúrval

Útivistarfyrirtækið ZO•ON opnaði nýja verslun að Nýbýlavegi 6 fyrir ári með áherslu á breitt vöruúrval. Þá hefur ZO•ON ráðið nýjan hönnuð frá Finnlandi.

Við opnuðum stórglæsilega verslun hér á Nýbýlavegi 6 fyrir ári síðan. Vöruúrvalið er mjög gott en hér erum við að selja nýjar vörur í bland við eldri vörur á lækkuðu verði,” segir Halldór Örn Jónsson, framkvæmdastjóri ZO•ON.

„Aðal áhersla ZO•ON er að bjóða upp á vel hannaða gæða vöru. Við erum með golf- og útivistarfatnað á sumrin en á veturna erum við með skíðafatnað og fatnað sem hentar vel á götuna. Fötin frá ZO•ON eru í léttari kantinum en við erum með allt frá þykkum dúnúlpum til þynnri liprari úlpur, primaloft, þriggja laga fatnað og fleira. ZO•ON er með fatnað jafnt fyrir fullorðna og börn en við komum með nýja barnafatalínu í haust á mjög góðu verði, snjógalla og úlpur, flíspeysur, flísbuxur, húfur og fleira.“

Nýr hönnuður

„Nýlega réðum finnska hönnuðinn Martti Kellokumpu sem yfirhönnuð ZO•ON. Martti er stórt nafn í bransanum en áður var



Halldór Örn Jónsson, framkvæmdastjóri ZO•ON segir von á nýjungum frá fyrirtækinu en nýlega var finnski hönnuðurinn Martti Kellokumpu ráðinn til starfa.

MYND/ERNIR

hann yfirhönnuður hjá finnska merkinu Halti,” segir Halldór og bætir við að búast megi við nýjungum frá ZO•ON í framhaldinu.

„Með nýjum manni koma nýjar áherslur. Martti er þegar farinn að kynna fyrir okkur hönnun sína fyrir næsta vetur og það er óhætt

að segja að það er von á mörgu nýju frá ZO•ON. Martti leggur mikla áherslu á smáatriðin og er mjög framarlega í hönnun á útivistarfatnaði.“

Á morgun verðu opið til klukkan 22 á Nýbýlavegi í tilefni dagsins og boðið upp á léttar veitingar.

Ræman

Nýbýlavegur 6 | s: 552 1123

Evuklæði & ÍSA FOLD
icelandic design design



Allir ættu að ferðast

Hjá **WOW air** trúum við því að ferðalög ættu að vera fyrir alla. Þetta er ekki bara lúxus. Ferðalög gera okkur að betri manneskjum og víkka sjóndeildarhringinn.

HÉR ERU NOKKRAR GÓÐAR ÁSTÆÐUR FYRIR ÞVÍ AÐ FERÐAST

Fólk sem ferðast á auðveldara með að kynast nýju fólki. Þetta er mikilvægur kostur hjá þeim sem ferðast mikið einir, ef maður talar ekki við neinn þá kynnist maður engum. Ferðalög hjálpa okkur að komast út úr skelinni.

Fólk sem ferðast er sjálföruggara. Sú dýrmæta reynsla sem fæst með ferðalögum um ókunn lönd fyllir okkur meira sjálföruggi.

Fólk sem ferðast hefur meiri aðlögunarhæfni. Þegar maður

er búinn að lenda í því að missa af lestinni, að leigubíllinn er fastur í umferðarteppu, að fá ekki matinn sem maður vill eða að það er eðla á hótélherberginu verður maður einhvern veginn tilbúna til að takast á við hvaða aðstæður sem er með fullkomnu æðruleysi.

Fólk sem ferðast er gáfaðra. Ferðalög gefa okkur tækifæri til að kynast heiminum, fólkinu, sögunni og menningunni. Við öðlumst aukinn skilning á því hvernig heimurinn virkar.

Sú dýrmæta reynsla sem fæst með ferðalögum um ókunn lönd fyllir okkur meira sjálföruggi.

Fólk sem ferðast er hugmynda- ríkkara. Heima er hugur okkar bundinn fjötrum hins kunnuglega en um leið og við skiptum um umhverfi slaknar á þessum fjötrum og lausnirnar virðast liggja ljósar fyrir. Svo er líka miklu skemmtilegra að velta fyrir sér hlutunum á kaffihúsi við Signu en heima á skrifstofunni.

Fólk sem ferðast er hamingju- samara. Á ferðalögum lærum við að komast af með minna, við slökum á og sjáum heiminn í nýju ljósi. Það er ekki hægt annað en að verða hamingjusamari eftir gott ferðalag.

Jáhh! Fólk sem ferðast er einfaldlega flottast.



Fyrsti Íslendingurinn í Ameríku!

Leifur Eiríksson var fyrsti Evrópumaðurinn sem steig fæti á Norður-Ameríku og nefndi hann landið Vínland. Það var árið 1000 eða fimm öldum áður en Kristófer Kólumbus kom fyrst til Ameríku.

Eftir vetrardvöl í Vínlandi hélt Leifur heimleiðis og sagan hermír að á leiðinni hafi hann bjargað fimmtán skipsbrotsmönnum frá drukknun og þá hlotið viðurnefnið „hinn heppni“.

Flest höfum við farið í gegnum Flugstöð Leifs Eiríkssonar – Leifsstöð – og öll þekkjum við styttuna af Leifi heppna sem prýðir Skólavörðuholtið í Reykjavík. Stytta var reist árið 1932 og var gjöf frá Bandaríkjunum í tilefni af Alþingishátíðinni 1930. En færri vita kannski að svipaðar stytta af Leifi heppna eða „Leif the Lucky“ er að finna víða í Bandaríkjunum, í borgum eins og Boston, Seattle og Chicago. Hetjulegt orðspor Leifs heppna hefur borist víða og það er meira að segja stytta af Leifi í Duluth,



Mynd: Kristinn Magnússon

Minnesota og heill garður nefndur eftir honum þar. Í Bandaríkjunum er Leifur heppni nefnilega táknmynd norrænu innrásarinnar í Ameríku og landafundur hans talinn mikið þrekvirk. WOW! Leif the Lucky – All American Hero! Leifur heppni ruddi brautina og nú fylgjum við honum vestur um haf og viljum fá

þig með! Fetaðu í fótspor Leifs Eiríkssonar og hafðu heppnina með þér. Fljúgðu með WOW air til Boston þar sem fyrsta stytta af Leifi var reist árið 1887. Já, hvernig væri að skella sér í ekta amerískt „road trip“? Keyra Bandaríkin þver og endilöng, heimsækja Wisconsin, Minnesota, South Dakota, Illinois, Colorado, Washington og Kaliforníu, þar sem dagur Leifs Eiríkssonar er haldinn 9. október ár hvert. Aldeilis verdugt verkefni fyrir ferðabýrsta nútímavíkinga.

Leggstu í viking með WOW air!



Flugstjóraávarpið

Dömur mínar og herrar, þetta er flugstjórinn, Robert Ödlund, sem skrifar en ég vinn sem yfirflugstjóri hjá WOW air og er algjörlega í skýjunum með þá stöðu. Ég hef unnið hjá WOW air frá því í janúar 2014 og alla daga, meira að segja þá daga sem ég þarf að vakna vel fyrir sólarupprás eða fyrr, hlakka ég til að mæta í vinnuna og hitta allt frábæra fólkið sem ég fæ að vinna með.

Fyrir hönd okkar allra í þessari einstöku WOW áhöfn vil ég bjóða ykkur velkomin að þessum pistli. Ég vona að þið veitið áhöfninni fulla athygli þegar farið verður yfir helstu áfangastaði WOW air en fyrst vil ég nýta tækifærið til að segja ykkur frá flugstjórunum okkar. Flugstjórar WOW air eru allir sérvaldir vegna þess að það er okkar trú að gestir WOW air eigi aðeins skilið það besta! Tvisvar á ári, að lágmarki, gangast þessir flugmenn undir hæfnispróf í flughermi þar sem farið er yfir öll helstu atriði. Ég er viss um að ykkur langar að vita hvað það er í raun og veru sem fram fer í svona flughermi



Robert Ödlund, yfirflugstjóri hjá WOW air.

og hér kemur það: Við fljúgum! Þetta er bara eins og venjulegur dagur „á skrifstofunni“ hjá okkur, með öllum þeim atvikum sem flugstjórar geta þurft að leysa úr. Það er mikilvægt að setja öryggi gesta og áhafna í fyrsta sæti, og það er það sem WOW air gerir 100%.

Við hjá WOW air leggjum okkur öll fram um að vera flugfélag fólksins. Allir sem koma um borð eru gestir okkar. Við njótum þess í botn að fá að hanga með ykkur í 35.000 fetum og lofum að leggja okkur öll fram um að gera flugferðina sem þægilegasta

fyrir ykkur. Áhafnir WOW air eru þéttur hópur. Við vinnum ekki bara saman heldur hittumst við oft utan vinnunnar, borðum saman, förum á tónleika o.fl. Þetta á allt sinn þátt því hvernig við vinnum saman sem ein heild.

Nú er víst komið að lokum pistilsins, ég vona að þið eigið öll frábæran dag og að ég sjái ykkur fljótlega um borð hjá WOW air.

Með kveðju,
Robert Ödlund, yfirflugstjóri WOW air

Flugstjórar WOW air eru allir sérvaldir vegna þess að það er okkar trú að gestir WOW air eigi aðeins skilið það besta!

WOW air



Eigum við að skreppa?

Það er gaman að vera ungt flugfélag í mótun, sérstaklega þegar við getum nýtt þennan sveigjanleika og glatt Íslendinga með sérferðum á landsleiki erlendis. Já, stundum erum við í boltanum!

Í fyrra skrúppum við til Króatíu, fyrr á þessu ári fóru Silfur-skeiðarnar saman til Milanó og sunnudaginn 16. nóvember n.k. verður farin sérferð á vegum Gaman Ferða til Prag til að fylgjast með íslenska fótbolta landsliðinu leika gegn því tékkneska.

Stemningin sem myndast um borð þegar farið er í svona sérferðir er eiginlega ólýsanleg en oftast er um að ræða skrepp-ferðir þar sem ekki þarf að bóka gistingu.

Af hverju ekki að skreppa?

WOW air

Við tengjum saman heimsálfurnar.
20 áfangastaðir árið 2015. Hvert viltu fara?



Boston

Flug frá 14.999 kr.

Í boði: Allan ársins hring frá 27. mars 2015
5 flug á viku

Íslendingar elska Boston, borg andstæðnanna þar sem gömul og ný menning mætast og háhýsi gnæfa yfir fallega grónum gördum. Hér er nóg um að vera allan ársins hring, matur, menning, verslanir, næturlíf og náttúra í næsta nágrenni. Sjáðu Boston Red Sox á Fenway Park eða sigldu um á svanabát. Að lokum geturðu kíkt á staðinn þar sem allir vita hvað þú heitir, Cheers!



Barcelona

Flug frá 14.999 kr.
Í boði: Frá maí til október
3-4 flug á viku

Strönd og borg, tapas og flamenco. Barcelona er klárlega borgin sem býður upp á allt.



Washington

Flug frá 14.999 kr.

Í boði: Frá júní til september
4 flug á viku

WOW air mun næsta sumar bjóða upp á flug til Baltimore-Washington International-flugvallar og þótt hér sé lögð áhersla á Washington, D.C. má ekki gleyma því að þetta er 3 fyrir 1 áfangastaður því einnig er skemmtilegt að heimsækja borgirnar Baltimore og Annapolis sem eru í næsta nágrenni.

Í Washington, D.C., sjálfri höfuðborg Bandaríkanna ... borg minnismarkjanna er sagan bæði skrifuð og geymd. Þetta er algjör draumaborg þeirra sem vilja drekka í sig ameríska sögu og menningu. Taktu með aukaminniskort í myndavélina og gleymdu þér við að skoða öll minnismerkin og söfnin.



Mílanó

Flug frá 15.999 kr.

Í boði: frá maí til september
Flugið 2-3 í viku

Nyrsta borg Ítalíu er jafnframt sú nútímalegasta því hún er fjármálamiðstöð Ítalíu og ein af þremur helstu tískuborgum heims. Ekki gleyma að kíkja á síðustu kvöldmáltíðina.




París

Flug frá 9.999 kr.

Í boði: Allan ársins hring
3 flug á viku í vetur
8 flug á viku í sumar

Ólgandi ástríður, menning og listir, turnar, torg og blóðheittir Fransmenn. Allt þetta finnur þú í París ásamt dásamlegum kaffihúsum, Eiffel-turninum og ekta franskri stemningu.



Düsseldorf

Flug frá 12.999 kr.

Í boði: frá júní til ágúst
2 flug á viku

Tíska, matur, menning og tjútt! Er hægt að biðja um meira? Düsseldorf er svo sannarlega borg sem vert er að heimsækja.



Stuttgart

Flug frá 14.999 kr.

Í boði: í júlí og ágúst
2 flug á viku

Gullfalleg og heillandi, Stuttgart hefur upp á margt að bjóða, allt frá miðaldkastölum til glæsilegra og nútímalegra bílasafna.




Vilnús

Flug frá 19.999 kr.

Í boði: Frá júní til ágúst
1 flug á viku

Stórkostleg menningarborg með ríka sögu, fallegar byggingar og fjölbreytt næturlíf.



Dublin

Flug frá 12.999 kr.

Í boði: Allan ársins hring frá júní 2015
3 flug á viku

Dublin hefur vaxið úr grasi og er orðin nútímaleg evrópsk stórborg þar sem þó er haldið fast í hinar sönnu írsku rætur. Hér er lifandi menning og stutt í óspillta og fagra náttúru auk þess sem Írland er algjör paradís fyrir golfara. Við skulum heldur ekki gleyma því hversu fljótur maður er að fljúga til Dublin, bara svona rétt rúmlega tvær klukkustundir og maður er lentur á grænu búálfaeyjunni í einn ískaldan Guinness.

Gerðu verðsamanburð!



Billund

Flug frá 14.999 kr.

Í boði: Júní, júlí og ágúst
1 flug á viku

Allir vilja komast til Billund enda er þetta rétti staðurinn fyrir gott fjölskyldufri. Legoland, Lalandia og Givskud-dýragarðurinn eru endalaus uppspretta skemmtunar og það er ábyggilegt að vika verður varla nóg. Leiktu þér með krökkunum eða finndu barnið innra með þér og mundu eftir að taka frá pláss í töskunni fyrir alla flottu Lego-kubbanda.

Salzburg

Flug frá 14.999 kr.

Í boði: Frá desember til febrúar
1 flug á viku

Frá Salzburg er stutt til flottustu skíðasvæða í heimi. Austurríkismenn kunna manna best að búa til flotta skíðastemningu í Ölpunum.



Róm

Flug frá 19.999 kr.

Í boði: Júní, júlí og ágúst
Flogið einu sinni í viku.

Allir vegir liggja til Rómar en það er auðvitað miklu þægilegra að fljúga bara. Kíktu á Vatíkanið, Sixtínsku kapelluna, Colosseum, Forum Romanum og allar hinar gersemarnar sem þessi sögufræga borg hefur að geyma. Vissir þú í Róm eru yfir 16% af öllum menningarfjársjóðum heimsins? Við skulum heldur ekki gleyma því að Róm er á Ítalíu og hér er ljúfur matur og gelato eins og þú getur í þig látið.

Kaupmannahöfn

Flug frá 9.999 kr.

Í boði: Allan ársins hring.
5 flug á viku frá janúar til mars
7-8 flug á viku frá apríl til ágúst
Uppáhaldsborg Íslendinga og ekki að ástæðulausu. Hér eru allir lígeglað, bjórinn er góður, Stríkið er langt og Tivoli býður upp á endalausa skemmtun.

Berlín

Flug frá 9.999 kr.

Í boði: Allan ársins hring.
3 flug á viku í vetur
6 flug á viku í sumar
Verjar eru pottþéttir. Hér eru fífhús á hverju horni, þéttsetin skapandi listaspírum. Hámenning, lágmennning og allt þar á milli.

Amsterdam

Flug frá 9.999 kr.

Í boði: Allan ársins hring
frá júní 2015
3-4 flug í viku

Stærsta borg Hollands er lúxus fyrir augun og næring fyrir sálina. Þetta er rétti staðurinn fyrir listunnendur og þá sem elska tignarlegar byggingar.

Lyon

Flug frá 12.999 kr.

Í boði: frá júní til ágúst
2 flug á viku.

Lífðu hinu ljúfa lífi og heimsæktu miðstöð matar- og vingerðarlistar í Frakklandi. Lyon er ómótstæðileg borg fyrir sælkera og reyndar alla aðra sem vilja njóta Frakklands.

Varsjá

Flug frá 19.999 kr.

Í boði: Frá apríl til september og í desember og janúar
3 flug á viku yfir hásumarið

1 flug á viku í september
Höfuðborg Póllands er heillandi og uppfull af sögu og skemmtilegu fólki. Sjarmerandi borg sem vert er að bæta á ferðalistann.

Alicante

Flug frá 14.999 kr.

Í boði: Frá mars til október.
3-4 sinnum í viku

Sól, sandur og sældarlíf. Nóg að gera fyrir börn og fullorðna, allt frá vatnsleikjagörðum til meistaragolfvalla. Vorum við búin að minnst á sólina?

London

Flug frá 9.999 kr.

Í boði: Allan ársins hring.
8-11 sinnum í viku.

Tedrykkja, fiskur og franskur, fótbolti og risavaxinn klukku-turn sem vill láta kalla sig Ben. Menning, söfn og söngleikir hvert sem litið er. WOW!

Tenerife

Flug frá 19.999 kr.

Í boði: Allan ársins hring frá mars 2015
1 flug á viku

Kanarí kallaði og við svöruðum. Tenerife er algjör paradísareyja og þar er einstök veðursæld og stórbrotin náttúra. Hér er kominn fullkominn áfangastaður bæði fyrir þá sem vilja slaka á og þá sem vilja sletta úr klaufunum. Gullnar stendur, vatnsleikjagarðar, golfvellir, flottir veitingastaðir og fjörugt næturlíf. Hvað getur maður beðið um meira?



Láttu WOW travel stjarna við þig

WOW travel er ferðaskrifstofa í eigu WOW air, stofnuð í ársbyrjun árið 2012 og setur saman ferðir til áfangastaða WOW air.

Ferðir WOW travel eru fjölbreyttar og spennandi en þar má helst finna borgarferðir og sólarferðir en einnig adventuferðir, ferðir eldri borgara sem og sérferðir til ólíkra áfangastaða eins og t.d. Garda-vatnsins. Snillingarnir hjá WOW travel taka einnig að sér að gera tilboð í ferðir fyrir hópa af hinum ýmsu stærðum og gerðum.



Sumarpakkarnir koma fljótlega í loftið. Fylgist með á wowtravel.is

Fólk leitar til WOW travel vegna þess að þar er veitt góð þjónusta og þar ræður ríkjum sveigjanleiki og umfram allt viðráðanleg verð. Árið 2015 mun WOW travel halda áfram á sömu braut og auðvitað bæta við spennandi áfangastöðum, s.s. Dublin og Róm, Tenerife, Boston og Washington.



PAKKAFERÐIR WOW TRAVEL

Njóttu lífsins eða sinntu jólainnkaupunum í Köben eða Malmö



Köben

Ævintýraferð í Tivoli, búðaráp á Strikinu, öl og smørrebrød í Nýhöfn ... Adventustemningin í Kaupmannahöfn er engri lík, slök en um leið er skemmtunin aldrei langt undan.

Malmö

Malmö er einstaklega falleg og skemmtileg borg með miðbæ sem iðar af lífi. Töluverður munur er á verðlagi í Svíþjóð og Danmörku og flykkjast því Kaupmannahafnarbúar yfir Eyrarsundið í verslunarferðir. Frá Kastrup til Malmö tekur einungis 20 mínútur að ferðast með lest.

Verð frá 52.900 kr. á mann í tvíbýli.

Innifalið: Flug með sköttum og gjöldum, gisting í 3 nætur með morgunverði og 5 kg handfarangur. Ferðir í boði í nóvember og desember. **Bókanlegt á heimasíðu WOW travel: wowtravel.is.**



Julefrokost í Köben 4.-7. desember

Heimsókn til Kaupmannahafnar á adventunni er algjörlega ógleymanleg upplifun. Fallegar skreytingar um allt, fjölbreytt götulíf, jólamarkaðir, rjúkandi jólaglög og ilmur af ristudum möndlum.

Verð frá 69.900 kr. á mann í tvíbýli.

Innifalið: Flug með sköttum og gjöldum, gisting í 3 nætur á Wakeup 2* með morgunverði, Julefrokost á yndislegu veitingahúsi í Kaupmannahöfn og 5 kg handfarangur. **Bókanlegt á heimasíðu WOW travel: wowtravel.is.**



Vetrarferðir til London eða Brighton

London beibi!

London er ein mest spennandi borg Evrópu og hvort sem þú ert verslunarfíkill eða menningarviti þá er London svarið.

Brighton beibi!

Ein fegursta borg Bretlands og jafnframt ein vinsælasti áfangastaður ferðamanna enda er Brighton talsvert ódýrari og rólegri en London. Brighton er mjög þægileg borg og þar er allt sem hugurinn girnist; verslanir, leikhús og tónleikar, meira að segja strönd!

Verð frá 49.900 kr. á mann í tvíbýli.

Innifalið: Flug með sköttum og gjöldum, gisting í 3 nætur með morgunverði og 5 kg handfarangur. Ferðir í boði frá nóvember til maí. **Bókanlegt á heimasíðu WOW travel: wowtravel.is.**



Franska vorið

Löng helgi í París

Menning, listir og vorveður í París. Notið tækifærið og njótið Parísar á besta tíma ársins, þegar allt er nýútsprungið og vorið hefur tyllt niður tánun í borg ljósanna.

Verð frá 55.900 kr. á mann í tvíbýli.

Innifalið: Flug með sköttum og gjöldum, gisting í 3 nætur með morgunverði og 5 kg handfarangur. **Bókanlegt á heimasíðu WOW travel: wowtravel.is.**



Sumarpakkarnir koma fljótlega í loftið. Fylgist með á wowtravel.is

Allt á einum stað

Sparaðu og bókaðu alla ferðina á wowair.is

Það eru gömul sannindi og ný að fyrirbyggja margborgar sig, sérstaklega þegar kemur að ferðalögum enda bókast bestu verðin og vinsælustu dagsetningarnar alltaf fyrst. WOW air hefur gert samstarfssamning við Booking.com sem býður upp á gríðarlegan fjölda hótela og gistingualeika um allan heim og tryggja gestum ávallt lægsta verðið.

Við settum ímyndunaraflíð á yfirsýning og ímynduðum okkur þar sem langar að skreppa í rómantíska helgarferð.

Vetrarferð til Parísar

Hægt var að finna ódýr flug til Parísar í nóvember, desember og janúar en febrúar varð fyrir valinu vegna þess að þá var mest úrval af ódýrum fargjöldum auk þess sem hótelvesið í París voru einstaklega lág á þessum tíma.*

*Flug fram og til baka, 13.-16. febrúar (með sköttum og gjöldum) = 26.262 kr. á mann
0-5 kg handfarangur, fram og til baka = 0 kr.**

Við bjóðum yfir 2.600 hótél og gistingualeika í París. Hér eru nokkur dæmi um ódýrustu hótelin:

HIPHOTEL PARIS BELLEVILLE GARE DE L'EST
12.383 kr. á mann í tvíbýli í 3 nætur.

IBIS PARIS PORTE D'ITALIE
12.659 kr. á mann í tvíbýli í 3 nætur

HOTEL DU NORD ET DE L'EST
19.745 kr. á mann í tvíbýli í 3 nætur

Samtals verð á mann:
38.645-46.007 kr.

Aðventuferð til Köben

Sumir hafa einfaldlega ekki þolinmæði til að panta flugmiða með margra mánaða fyrirvara og bíða svo spenntir eftir ferðinni. Ef parið vill komast út svolítið fyrr gæti verið ódýrara að skreppa til Köben en hótelvesið þar er svolítið hærra á þessum tíma árs.

*Flug fram og til baka, 4.-8. desember (með sköttum og gjöldum): 21.825 kr.
0-5 kg handfarangur, fram og til baka = 0 kr.**

Við bjóðum yfir 11.400 hótél og gistingualeika í Danmörku. Hér eru dæmi um ódýrustu hótelin í Köben:

GUESTHOUSE COPENHAGEN
18.323 kr. á mann í tvíbýli í 3 nætur

RENT A ROOM COPENHAGEN
24.238 kr. á mann í tvíbýli í 3 nætur

Samtals verð á mann:
40.148-46.063 kr.

Vorferð til Berlínar

Þeir sem hafa vaðið fyrir neðan sig og bóka með góðum fyrirvara næla sér í betri verð á vinsælum dagsetningum og áfangastöðum og hótelin eru á mun lægra verð. Svona lítur vorferð til Berlínar út fyrir parið okkar.

*Flug fram og til baka, 30. apríl-3. maí, með sköttum og gjöldum: 36.674 kr. á mann.
0-5 kg handfarangur, fram og til baka, = 0 kr.**

Við bjóðum yfir 1.100 hótél og gistingualeika í Berlín. Hér eru dæmi um ódýrustu hótelin:

EASYHOTEL BERLIN HACKESCHER MARKT
9.415 kr. á mann í tvíbýli í 3 nætur.


APARTHOTEL VEGA
12.017 kr. á mann í tvíbýli í 3 nætur

IBIS BERLIN KURFUERSTENDAMM
15.362 kr. á mann í tvíbýli í 3 nætur

Samtals verð á mann:
46.089-52.036 kr.

**Ef parið okkar ákveður að deila með sér einni ferðatösku bætast við 3.999 kr. á mann.
ATH. Öll verð miðast við búkunarvélur WOW air og Booking.com 10. október 2014.

Það hefur aldrei verið auðveldara að finna ódýrustu flugin á wowair.is.



✦ Kíktu fyrst á „gulu kassana“ undir aðalmyndinni á forsíðu. Þar sérðu alltaf lægstu verðin okkar. Smelltu á kassa sem þér lýst vel á til að bóka þínar dagsetningar.

✦ Settu bendilinn yfir „Bóka“ valmöguleikann efst á síðunni og veldu „Áfangastaðir“ í felligluggan-

um. Á síðunni sem opnast má sjá lægstu verðin sem í boði eru fyrir hvern áfangastað.

✦ Smelltu á þann áfangastað sem heillar þig mest og skoðuðu „skipuleggjarann“, stöplarit sem sýnir ódýrustu verðin sem í boði eru fyrir hvern mánuð.



„Ekkert „lággjalda“ við WOW air“

„Ég byrjaði að fljúga með WOW air fyrir jólin 2013 vegna sýningar sem ég hélt í London. Verðið réði mestu um val mitt á flugfélagi.

Þetta fyrsta flug kom á óvart, léttur andi og eins og að hverfa nokkur ár aftur í tímann, þegar mér þótti meira gaman að ferðast.

Það var ekkert „lággjalda“ við WOW air. Viðmót framlinunnar og umhverfið var skemmtilegt.

Ég vil sérstaklega nefna það að mér fannst blað WOW air vel unnið, og bæði fræðandi og skemmtileg afþreying.

Takk fyrir mig, Eggert Jóhannsson



Í tilefni 1 árs afmælis

Factory Store Nýbýlavegi 6

verður opið til 22:00 og léttar veitingar í boði

ZO • ON
I C E L A N D



Blómabúðin í Portinu var áður á Garðatorgi, hét Blómabúðin Sóleyjarkot en gekk ávallt undir nafninu Blómabúðin á Garðatorgi.

Blómabúð í alfaraleið

Blómabúðin í Portinu flutti nýverið á Nýbýlaveg 8 en hún var áður á Garðatorgi (Blómabúðin Sóleyjarkot). „Þar vorum við til húsa í tæp fimm ár,“ segir eigandinn og blómaskreytirinn Jóhanna Einarsdóttir. Hún hefur alla tíð átt heima í Kópavogi og kann afar vel við að vera komin heim.

„Hér verður ríkulegt úrval af blómum og hægt að fá allar gerðir skreytinga, svo sem fyrir útfarir, brúðkaup og svo framvegis. Við erum líka með sérvalda og fallega gjafavöru. Um þessar mundir eru jólavörurnar frá House Doctor einmitt að tínast inn og þá er nóvemberkaktusinn kominn í hús.“

Jóhanna segir áfram verða lagða áherslu á persónulega þjónustu og notalegt viðmót. Hún býður sína gömlu og góðu viðskiptavinum í Garðabæ velkomna og segir blómabúðina nú í alfaraleið enda Nýbýlavegurinn vel staðsettur. „Það var á árum áður blómabúð hér á Nýbýlavegi en nú hefur aðgengi og umhverfi breyst til hins betra.“

Jóhanna býður alla velkomna í formlega opnun í dag, fimmtudag, 23. október. Það verða spennandi tilboð og opið til klukkan 22.

BESTA PIKKÖPP-LÍNAN



ÉG FÉKK MÉR
SERRANO

KYSSTU MIG



SERRANO ER GOTT FYRIR ÁSTINA

Verið velkomin á nýjan og glæsilegan
veitingastað okkar á Nýbýlavegi 6-8.

serrano

FRESH ★ HAPPY ★ MEX



ARMANDO TESTA

LAVAZZA

THE REAL
ITALIAN ESPRESSO
EXPERIENCE



THE COFFEE OF WIMBLEDON

www.lavazza.com

Götupartý á Nýbýlavegi

15% afsláttur
af öllum lausasölulufjum
fimmtudaginn 23. október*

Við hlökkum til að sjá þig

*Tilboðið gildir aðeins í verslun Lyfju á Nýbýlavegi.

Lyfja Nýbýlavegi 4, sími 527 2755.
Opíð alla virka daga frá kl. 10-18:30
og laugardaga kl. 11-16.

www.lyfja.is



SPARTA ÞAR SEM
FJÖRID ER

Hjá okkur geta bæði nýgræðingar
og afreksfólk æft saman.

Skemmtileg hóppjálfun

Sparta er með eitthvað fyrir alla:

- Metabolic
- Mömmu Metabolic
- Yoga - upphitaður salur
- TFW - Training For Warriors
- Barnatíminn - hreyfing fyrir 3 - 6 ára
- 60+ - hreyfing fyrir 60 ára og eldri
- Einkapjálfun
- Nuddstofa

Komdu í heimsókn, við tökum vel á móti þér!

Nánari upplýsingar á www.sparta.is





Nýbýlavegi 6

554 1200

www.sparta.is

Opin vinnustofa

í Níu heimum kl. 17-22 fimmtudaginn 23. október



Nýbýlavegur 8, austurendi efri hæð · 200 Kópavogur · Facebook: Níu heimar/Nine Worlds



KVÖLDOPNUN OG KERTALJÓS á morgun

Fimmtudaginn 23. október
verður opið til kl. 22.00 í Kruderi.

20% afsláttur verður af
súrdeigsbrauðum frá kl. 18.00
sem og tilboð á kaffi og kruderi.

Njótið kertaljósa og huggulegra
veitinga í Kruderi Kaffitárs.



Nýbýlavegi 12, Kópavogi
facebook.com/kruderi



CANADA GOOSE®



TRILLIUM



MONTEBELLO



CITADEL



KENSINGTON



VICTORIA



CHILLIWACK



TRILLIUM



CHATEAU

GRÍPTU GÆSINA

MIKID ÚRVAL AF CANADA GOOSE DÚNÚLPUM

SPORTÍS

MÖRKIN 6 | 108 REYKJAVÍK | S:520-1000 | SPORTIS.IS

OPIÐ: MÁN. - FÖS. KL. 12 - 18 - LAU. KL. 12-16



LAND ROVER Range rover evoque dynamic. Árgæð 2012, ekinn 16 P.KM, dísel, sjálfskiptur. skoðar skipti Verð 9.480.000. Rnr.106529. BILAMARKAÐURINN 5671800



JEEP Grand cherokee overland. Árgæð 2014, ekinn 13 P.KM, bensín, sjálfskiptur. EINN MEÐ ÖLLU Verð 10.490.000. Rnr.106519. BILAMARKAÐURINN 5671800



90% FJÁRMÖGNUN
HYUNDAI I20 classic. Árgæð 2013, ekinn 66 P.KM, bensín, 5 girar. TILBOÐ 1.590.000. Rnr.231454. BILAMARKAÐURINN 5671800



METANBÍLL
FORD Explorer xlt 4x4 metan. 7MANNA Árgæð 2007, ekinn 123 P.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 2.490.000. Rnr.223440. BILAMARKAÐURINN 5671800

Bilamarkaðurinn
Smíðjuvegi 46E, Kópavogi
Sími: 567 1800



KRÓKUR
Við flytjum bifreiðar og vinnuvélar á öruggan og hagkvæman hátt.

Krókur
Sími: 522 4600
http://www.krokur.net



EINN EIGANDI !
Range Rover Sport Supercharged 05/2006 ek 79 þ.km (Einn með öllu) sjá raðnr 154288 verð 4.4 mil !!!



DIESEL !
Toyota Landcruiser 120 GX Diesel 06/2007 ek 119 þ.km sjálfskiptur nú á 4490 !!!



ÓDÝR !
Nissan X-Trail 10/2002 ek 138 þ.km sjálfskiptur gott eintak , verð 890 þús !!!



SPARNEYTINN !
VW Polo Trendline 06/2012 ek 83 þ.km beinskíptur góð þjónusta verð 1680 þús !!! (skipti möguleg)

Bílasalan Bílfang
Malarhöfða 2, 110 Rvk.
Sími: 567 2000
Seljum í dag !
www.bilfang.is



